



Bæjarstjórn Garðabæjar 11. (851)/2019

Boðað er til 11. (851). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 15. ágúst 2019 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Dagskrá:

1. 1906032F - Fundargerð bæjarráðs frá 25/6 '19.
2. 1906040F - Fundargerð bæjarráðs frá 2/7 '19.
3. 1907008F - Fundargerð bæjarráðs frá 9/7 '19.
4. 1907011F - Fundargerð bæjarráðs frá 16/7 '19.
5. 1907021F - Fundargerð bæjarráðs frá 23/7 '19.
6. 1907023F - Fundargerð bæjarráðs frá 30/7 '19.
7. 1908006F - Fundargerð bæjarráðs frá 13/8 '19.
1907255 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu um breytingu á svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024.

1710083 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda.

1907130 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um ljósaskilti á húsinu við Miðhraun 2.
8. 1906033F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 25/6 '19.
9. 1907013F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 17/7 '19.
11. 1906039F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 4/7 '19.
12. 1907026F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 8/8 '19.
13. 1907015F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 18/7 '19.
14. 1905024F - Fundargerð öldungaráðs frá 15/5 '19.
10. 1901420 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 1/7 '19.
15. 1901375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 1/7 '19.
16. 1904035 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 21/6 '19.
17. 1901198 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 25/6 og 19/7 '19.



18. 1901407 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 21/6 og 26/6 '19.
19. 1906097 - Tillaga Garðabæjarlistans um að ráða í stöðu jafnréttisfulltrúa Garðabæjar.
20. 1906097 - Tillaga Garðabæjarlistans varðandi endurskoðun jafnréttisáætlunar Garðabæjar.
21. 1902222 - Tillaga um að ganga til samninga við fasteignapróunarfélagið Spildu ehf. um umsjón við mótun tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
10. (850). fundur 2019

Fimmtudaginn 20. júní 2019 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Guðfinnur Sigurvinsson, Stella Stefánsdóttir, Ingvar Arnarson, Harpa Þorsteinsdóttir og Valborg Ösp Á Warén.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Jóna Sæmundsdóttir, fyrsti varaforseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 6. júní 2019 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1906008F - Fundargerð bæjarráðs frá 11/6 '19.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 16. tl., niðurstöður rafrænna kosninga – Betri Garðabær. Gunnar Valur færði öllum þeim sem komu að undirbúningi og framkvæmt málsins þakkir fyrir góð störf.

Stella Stefánsdóttir, ræddi 16. tl., niðurstöður rafrænna kosninga – Betri Garðabær.

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., niðurstöður könnunar á vegum Rannsóknar og greiningar sem lögð var fyrir nemendur í 8. 9. og 10 bekk.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., niðurstöður könnunar á vegum Rannsóknar og greiningar sem lögð var fyrir nemendur í 8. 9. og 10 bekk, og 23. tl. bréf íbúa í Aratúni og Goðatúni varðandi úrbætur vegna umferðarhávaða frá Hafnarfjarðavegi.

Björg Fenger, ræddi 1. tl., niðurstöður könnunar á vegum Rannsóknar og greiningar sem lögð var fyrir nemendur í 8. 9. og 10 bekk og 16. tl., niðurstöður rafrænna kosninga – Betri Garðabær.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 1. tl., niðurstöður könnunar á vegum Rannsóknar og greiningar sem lögð var fyrir nemendur í 8. 9. og 10 bekk. Harpa nýtti tækifærið og óskaði Skátafélaginu Vífli til hamingju með undirskrift sammings um byggingu útilífsmiðstöðvar í Heiðmörk.

Gunnar Einarsson, ræddi 23. tl., bréf íbúa í Aratúni og Goðatúni varðandi úrbætur vegna umferðarhávaða frá Hafnarfjarðavegi og svaraði fyrirspurn.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að heimila útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt 15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna sjóvarna við bakka Lambhúsatjarnar neðan við túnið á Bessastöðum. Um er að ræða endurbyggingu að hluta til á eldri sjóvörnum og að hluta til nýjar sjóvarnir í samræmi við gildandi deiliskipulag fyrir Bessastaði.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 43. gr. sömu laga vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Akrahverfis í tilefni umsóknar um breytingu á byggingarreit lóðarinnar við Hvannakur 7. Grenndarkynna skal umsóknina eigendum Hvannakurs 5 og 9 og Kaldakurs 6 og 8.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að umsókn um byggingarleyfi vegna framkvæmda við núverandi hús að Víðilundi 1 verði grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 43. gr. sömu laga vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts í tilefni umsóknar um svalalokun utan byggingarreits. Grenndarkynna skal umsóknina eigendum Hraungötu 2, 4, 6, og 10 og Bæjargötu 11-19.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 43. gr. sömu laga vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts í tilefni umsóknar um stækkun byggingarreits lóðarinnar að Dýjagötu 8. Grenndarkynna skal umsóknina eigendum Dýjagötu 2, 5 og 10.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að heimila útgáfu byggingarleyfis fyrir heitum potti með glerpaki á þaksvölum íbúðar í fjölbýlishúsinu við Lynggötu 2. Um óverulegt frávik er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarstjórn samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að umsókn um byggingarleyfi fyrir fjölgun færanlegra kennslustofa á lóð Hjallastefnunar verði grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Bæjarstjórn samþykkir að nýta heimild í 2. mál. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga til að falla frá grenndarkynningu enda sýnt að leyfissskyld framkvæmd varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda.

Fundargerðin sem er 27 tl., er samþykkt samhljóða.

2. 1906021F - Fundargerð bæjarráðs frá 18/6 '19.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi, 1. tl., uppbyggingu í Vetrarmýri – kynningu á stöðu verkefnis.

Fundargerðin sem er 11 tl., er samþykkt samhljóða.

3. 1905026F - Fundargerð íþróttá- og tólmstundaráðs frá 15/5 '19.

Björg Fenger, ræddi 3. tl., hátíðarhöld 17. júní. Björg þakkaði Skátafélaginu Vífli fyrir skipulag og framkvæmd hátíðarhaldanna og einnig starfsmönnum bæjarins sem komu að aðstoð við hátíðarhöldin.

Fundargerðin er lögð fram.

4. 1906003F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 6/6 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 1906004F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 11/6 '19.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., tillögu að breytingu á reglum þróunarsjóðs grunnskóla, 2. tl., ósk um breytingu á tímasetningu er varðar skólabyrjun og sagði frá niðurstöðum, sem birtar verða fljótlega, í könnun meðal foreldra og nemenda um málið. Þá ræddi Sigríður Hulda, 3. tl., forvarnarviku í Garðabæ og 5. tl., áherslur skólanefndar grunnskóla skólaárið 2019-2020.

Ingvar Arnarson, ræddi 2. tl., ósk um breytingu á tímasetningu er varðar skólabyrjun og 3. tl. forvarnarviku í Garðabæ.

Stella Stefánsdóttir, ræddi 2. tl., ósk um breytingu á tímasetningu er varðar skólabyrjun.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi að nýju 2. tl., ósk um breytingu á tímasetningu er varðar skólabyrjun og 3. tl. forvarnarviku í Garðabæ.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 1906010F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 13/6 '19.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 1. tl., tillögu um að draga úr plastmengun í rekstri Garðabæjar.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., tillaga um að draga úr plastmengun í rekstri Garðabæjar og 2. tl., niðurstöður mengunarmælinga 2019.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi að nýju 1. tl., tillögu um að draga úr plastmengun í rekstri Garðabæjar og 3. tl., samgönguviku 2019. Guðfinnur vakti athygli á hjólaráðstefnu sem haldin verður í Sveinatungu, fundarsal bæjarstjórnar, föstudaginn 20. september nk.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 2. tl., niðurstöður mengunarmælinga 2019.

Ingvar Arnarson, ræddi að nýju 2. tl., niðurstöður mengunarmælinga 2019.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 1901316 - Fundargerð stjórnar SHS frá 14/6 '19.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., nýja björgunarmiðstöð.

Gunnar Einarsson, ræddi sama mál og svaraði fyrirspurn.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 1901375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 3/6 '19.

Gunnar, Einarsson, ræddi 1. tl., samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu, 2. tl., málefni skíðasvæða, 3. tl., ferðaþjónustu fatlaðs fólks og 4. tl., grænbók, stefnumótun um málefni sveitarfélaga.

Björg Fenger, ræddi 2. tl., málefni skíðasvæða og 3. tl., ferðaþjónustu fatlaðs fólks.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 1901198 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 29/5 '19.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., staðsetningu og uppbyggingu nýrra endurvinnslustöðva, 2. tl., bréf Reykjavíkurborgar varðandi ósk um morgunopnun á Sævarhöfða, 6. tl., verksamning og þjónustusamning vegna grenndargámakerfis og 10. tl., minnisblað framkvæmdastjóra um stöðu förgunar á höfuðborgarsvæðinu.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., staðsetningu og uppbyggingu nýrra endurvinnslustöðva og 7. tl., erindi Flokks fólksins um þriggja tunnu kerfi í Reykjavík.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 7. tl., erindi Flokks fólksins um þriggja tunnu kerfi í Reykjavík og svaraði fyrirspurn um málið.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 1901407 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 4/6 '19.

Björg Fengler, ræddi 2. tl., útböð á kaupum á vetnisvögnum og gerði grein fyrir samþykkt um að hafna fyrirbyggjandi tilboði.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 2. tl., útböð á kaupum á vetnisvögnum og vakti athygli á hagkvæmni þess að skoða kaup á metanvögnum.

Fundargerðin er lögð fram.

11. 1902158 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 13/6 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

12. 1805051 - Drög að samningi við GKG um viðbyggingu við golfskála og bráðabirgða æfingasvæði.

Gunnar Einarsson, gerði grein fyrir aðdraganda að gerð samnings við GKG um viðbyggingu og bráðabirgða æfingasvæði. Gunnar vék að öðrum drögum að samningum sem eru í undirbúningi varðandi uppbyggingu lands s.s. á Álftanesi og Lyngásvæðinu.

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls.

Björg Fengler, tók til máls.

Ingvar Arnarson, tók til máls.

Gunnar Einarsson, tók til máls að nýju og svaraði fyrirspurnum.

Guðfinnur Sigurvinsson, tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða samning við Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar um viðbyggingu við golfskála og bráðabirgða æfingasvæði.

13. 1906202 - Tillaga um umhverfissvæna ferðamáta.

Jóna Sæmundsdóttir kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu sem hún flytur ásamt Björgu Fengler.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 verði horft til verkefna sem hvetja fólk til að nota umhverfissvæna ferðamáta t.a.m. rafhjól og rafmagnshlaupahjól.“

Greinargerð:

Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög taki höndum saman til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá vegasamgöngum sem er afar mikil eða í raun þriðjungur allrar þeirrar losunar sem Ísland þarf að standa skil á gagnvart Parísarsamkomulaginu.

Eitt af markmiðum umhverfisstefnu Garðabæjar er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum frá umferð en það rímar vel við aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftlagsmálum.

Tillagan sem hér er lögð fram felur í sér að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 verði horft til verkefna sem hvetja og auðveldi fólk að skipta yfir í umhverfissvæna ferðamáta. Jafnframt skulu verkefni falla að markmiðum heilsueflandi samfélags sem og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna,

undirmarkmið nr 3 (heilsa og vellíðan), nr. 11 (sjálfbærar borgir og samfélög) og nr. 13 (aðgerðir í loftlagsmálum).

Ingvar Arnarson, tók til máls um framlagða tillögu. Ingvar fagnaði tillögunni og boðaði tillögu um að bærinn setji sér loftlagsstefnu.

Harpa Þorsteinsdóttir, tók til máls um framlagða tillögu og spurði um notkun á rafhjólum bæjarins á torginu.

Gunnar Einarsson, tók til máls og svaraði fyrirspurn.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, vék af fundi kl 18:35.

14. 1906156 - Tillaga um að efla enn frekar starfsemi vinnuskólans.

Björg Fengler, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 verði í forvarnarskyni horft til þess að efla enn frekar starfsemi vinnuskólans með sérstaka áherslu á nemendur sem eru að ljúka 8. bekk.“

Greinargerð:

Árangur okkar Íslendinga þegar kemur að forvörnum hefur vakið heimsathygli og er svo komið að íslenska forvarnarmódelið er orðið að útflutningsvöru. Þó að vel hafi gengið undanfarin ár er mikilvægt að við sofnum ekki á verðinum enda viljum við standa okkur vel þegar kemur að forvörnum og vinnu með börnum og unglíngum.

Rannsóknir hafa sýnt að besta forvörnin eru skipulagt íþrótt- og tómstundastarf sem og samvera með fjölskyldu. Rannsóknir hafa jafnframt sýnt að allt óskipulagt og eftirlitslaust „hangs“ skapar áhættu er varðar ýmsa óæskilega hegðun. Með tillögu þessari er verið að leggja til að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 verði horft til þess að efla enn frekar starfsemi vinnuskólans með áherslu á nemendur sem eru að ljúka 8. bekk. Þannig verði boðinn aukinn aðgangur að skipulagðri vinnu og forvörnum með það að markmiði að draga úr líkum á óæskilegri hegðun.

Ingvar Arnarson, tók til máls um framlagða tillögu.

Tillagan samþykkt samhljóða.

15. 1906098 - Sumarleyfi bæjarstjórnar 2019.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi tillögu.

„Með vísan til 14. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 svo og 8. gr. samþykktar um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013 samþykkir bæjarstjórn að fella niður reglulega fundi í sumarleyfi bæjarstjórnar í júlí og til 15. ágúst 2019. Fyrsti fundur bæjarstjórnar eftir sumarleyfi verður boðaður með dagskrá sem send verður bæjarfulltrúum 13. ágúst 2019.“

Bæjarstjórn samþykkir að veita bæjarráði fullt umboð til afgreiðslu mála meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur, svo sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.“

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 20. júní 2019 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Stella Stefánsdóttir, (sign)
Valborg Ösp Á Warén, (sign)
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
24. (1885). fundur 2019

Þriðjudaginn 25. júní 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1902069 - Úttekt á stjórnýslu, rekstri og fjárhag Garðabæjar -kynning á stöðu verkefnis.

Á fund bæjarráðs mætti Haraldur Líndal Haraldsson og gerði grein fyrir stöðu úttektar sem hann er að vinna að á stjórnýslu, rekstri og fjárhag Garðabæjar. Haraldur gerði grein forsendum og nálgun á verkefninu sem felst í því að greina reksturinn með því að rýna fjárhagsupplýsingar og eiga viðtöl við alla forstöðumenn.

Fram kom að Haraldur stefnir að lokaskilum skýrslu í byrjun september.

2. 1906193 - Stórás 4-6 - Umsókn um byggingarleyfi vegna niðurrifs.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúar að veita Mótási Garðabæ ehf., kt. 501286-1419, leyfi til að rífa núverandi hús að Stórasi 4-6.

3. 1903061 - Víkurgata 29 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita PK-Byggingum ehf., kt. 530307-2200, leyfi til að byggja einbýlishús að Víkurgötu 29.

4. 1810028 - Betri Garðabær - framkvæmdaáætlun.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi áætlun um framkvæmdir verkefna sem hlutu kosningu í rafrænum íbúakosningum - Betri Garðabær.

Framkvæmt 2019	Kostnaður	Framkvæmt 2020	Kostnaður
Skjólveggur við heita potta í Ásgarði	2 mkr	Útivistarstígur í Heiðmörk	20 mkr
Útisturta við ströndina í Sjalandi	2 mkr	Fjórir vatnsfontar	5 mkr
Sundfatavindur í Álftaneslaug	1 mkr	Leiksv. við ströndina í Sjalandi	25 mkr
Tíu áningastaðir með bekkjum	10 mkr	Sjónaukar við Arnarnesvog	3 mkr
Aparóla við Hofsstaðaskóla	3 mkr	Fræðsluskilti við stríðsminjar	5 mkr
Fjölgun strætóskýla (að hluta)	12 mkr	Ærslabelgur við Álftanesskóla	3 mkr
		Yfirb.hjólask. við Aktu Taktu	5 mkr
Samtals	30 mkr	Samtals	66 mkr

Framkvæmdaáætlun verður birt á vef Garðabæjar og uppfærð á þriggja mánaða fresti og einnig verða framkvæmdirnar sýnilegar á kortavef bæjarins, undir „verkeflegar framkvæmdir“; Reglulega verða birtar fréttir á vef Garðabæjar og Facebook síðu bæjarins um framgang verkefnanna og þegar hverju verkefni er lokið.

5. 1811339 - Afgreiðsla skólanefndar varðandi tillögu að breytingu á reglum um Þróunarsjóð grunnskóla 2019.

Bæjarráð samþykkir tillögu skólanefndar um eftirfarandi breytingu á 5. gr. reglna um Þróunarsjóð grunnskóla.

Við 5. gr. kemur eftirfarandi viðbót.

"Komi til þess að ekki sé hægt að vinna verkefni skal styrkur falla niður. Skólanefnd er heimilt að endurúthluta styrknum."

6. 1903352 - Bréf Kvenfélags Garðabæjar varðandi þakkir við skipulag og framkvæmd hátíðarkaffihlaðborðs fyrir bæjarbúa á 17. júní, dags. 19.06.19.

Lagt fram.

7. 1906222 - Bréf Umhverfisstofnunar varðandi náttúruspjöll í Helgafelli (Reykjanesfólkvangi), dags. 19.06.19.

Bæjarráð vísar bréfinu til kynningar í umhverfisnefnd.

8. 1906281 - Ársreikningur Hrafnistu - Ísafold árið 2018.

Lagður fram.

Í ársreikningum kemur fram að tap ársins nemi kr. 37,5 mkr og greiðir Garðabær samkvæmt samningi um rekstur hjúkrunarheimilisins framlag til Hrafnistu að fjárhæð 24,0 mkr.

9. 1706251 - Samningur við ÍSB fasteignir um uppbyggingu byggðar á Sveinskotsreit.

Bæjarráð samþykkir samning við ÍSB fasteignir um uppbyggingu íbúðarbyggðar á Sveinskotsreit.

10. 1811027 - Samningur við ÍSB fasteignir um uppbyggingu á miðsvæði Álftaness.

Bæjarráð samþykkir samning við ÍSB fasteignir um uppbyggingu íbúðarbyggðar á miðsvæði Álftaness ásamt samningi við Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka um sölumeðferð á byggingarrétti lóða.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 25. júní 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
25. (1886). fundur 2019

Þriðjudaginn 2. júlí 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi, Sunna Stefánsdóttir, samskipta- og kynningarfulltrúi og Sólveig Helga Jóhannsdóttir, skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1905364 - Víkurgata 25 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Eirík Baldri Þorsteinssyni, kt. 270474-5869, leyfi til að byggja einbýlishús að Víkurgötu 25.

2. 1901301 - Endurnýjun samstarfssamnings við Ungmennafélagið Stjörnuna.

Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs gerði grein fyrir helstu áherslum og breytingum í endurnýjuðum samstarfssamningi Garðabæjar og Ungmennafélagsins Stjörnunnar.

Bæjarráð samþykkir samninginn með fjórum atkvæðum. (ÁHJ,GVG,AG,JS)

Sara Dögg Svanhildardóttir, situr hjá við afgreiðslu málsins og leggur fram eftirfarandi bókun.

"Garðabæjarlistinn leggst gegn því að ekki sé dregin fram skýr áhersla um aðgerðir um frekari útfærslur á systkinaafslætti sem og sértækar aðgerðir til að auka tækifæri fatlaðra barna til iðkunar íþrótta í samstarfssamningi Garðabæjar og UMF Stjörnunnar. Garðabær hefur undirritað sáttmála um Heilsuefandi samfélag og því vekur það furðu að ekki séu dregnar fram hvetjandi aðgerðir sem styðja við slíkan sáttmála með afgerandi hætti.

Garðabæjarlistinn leggur áherslu á mikilvægi þess að sveitarfélagið sýni frumkvæði og hvetji sérstaklega til þess að framsýni sé höfð að leiðarljósi í samningum sem þessum þar sem hvatt er sérstaklega til þess að ná enn lengra í þjónustu við börn og ungmenni með það að markmiði að tækifæri til íþróttaíðkunar gefist öllum börnum og ungmennum óháð efnahag eða annarrar stöðu.

Einnig telur Garðabæjarlistinn að mikilvægt sé að aðilar þ.e. sveitarfélagið og UMF Stjarnan sammælist í samningnum um að æfingagjöld hækki ekki umfram vísitölu á samningstímabilinu.

Garðabæjarlistinn situr því hjá við afgreiðslu samningsins."

3. 1906312 - Bréf Skógræktarinnar um bindingu kolefnis og uppbyggingu skógarauðlindar á Íslandi til framtíðar, dags. í júní 2019.

Lagt fram og vísað til kynningar í skipulagsnefnd og umhverfisnefnd.

4. 1906317 - Bréf Sveins Gauta Einarssonar varðandi vatnsveitumál, dags. 24.06.19.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði og heilbrigðiseftirliti.

Bæjarráð felur upplýsingadeild að birta almennar upplýsingar um stöðu vatnsmála í Garðabæ og tilkynningar til íbúa þegar ástæða er til.

5. 1906300 - Bréf Þjóðskrár Íslands varðandi fasteignamat 2020, dags. 24.06.19.

Lagt fram.

Í bréfinu kemur fram að fasteignamat í Garðabæ hækkar um 6,2% milli árana 2019 og 2020.

6. 1904073 - Bréf Sambands ísl. sveitarfélaga varðandi álagningarprósentu fasteignaskatts, dags. 26.06.19.

Í bréfinu er áréttuð yfirlýsing stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga um að sveitarfélög hækki ekki gjaldskrár sínar á árinu 2019 umfram það sem þegar er komið til framkvæmda og að á árinu 2020 verði gjaldskrár ekki hækkaðar umfram 2,5% að hámarki en minna ef verðbólga verður lægri.

7. 1906169 - Minnisblað varðandi möguleika á að gera bólusetningar að skilyrði fyrir leikskóladvöl, dags. 24.06.19

Lagt fram og vísað til kynningar í leikskólanefnd.

8. 1906361 - Bréf Urriðaholts ehf. varðandi skjólveggi í Urriðaholti, dags. 26.06.19.

Bæjarráð tekur undir sjónarmið í bréfinu um að brýnt sé að bregðast við ef íbúðareigendur í Urriðaholti virða ekki skilmála deiliskipulags varðandi uppsetningu skjólveggja.

Bæjarráð felur tækni ? og umhverfssviði að hlutast til um að stöðva allar óleyfisframkvæmdir og krefjast úrbóta í þeim tilvikum sem framkvæmdir samrýmast ekki gildandi deiliskipulagsskilmálum.

9. 1906384 - Bréf Jafnréttisstofu um samstarf vegna landsfundar sveitarfélaga um jafnréttismál 2019, dags. 18.06.19.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar bréfinu til afgreiðslu bæjarstjóra.

10. 1904211 - Drög að reglum um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk í Garðabæ.

Félagsráðgjafi gerði grein fyrir helstu atriðum og áherslum í drögum að reglum um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk í Garðabæ.

Bæjarráð vísar drögum til umfjöllunar hjá samráðshópi um málefni fatlaðs fólks og fjölskylduráðs.

11. 1906289 - Drög að samkomulagi Kópavogs, Hafnarfjarðar og Garðabæjar um sameiginlega bakvakt í barnaverndarmálum.

Bæjarráð samþykkir samkomulagið fyrir sitt leyti.

12. 1507009 - Drög að samningi um skiptingu lóðar við Gimli samkvæmt gildandi deiliskipulagi.

Bæjarstjóri kynnti helstu atriði samningsins og forsögu byggðar á lóðinni við Gimli.

Bæjarráð samþykkir samninginn og felur bæjarstjóra undirritun hans.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 2. júlí 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
26. (1887). fundur 2019

Þriðjudaginn 9. júlí 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Ingvar Arnarsson, varamaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Sunna Stefánsdóttir, samskipta- og kynningarfulltrúi, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Sólveig Helga Jóhannsdóttir, skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Sólveig Helga Jóhannsdóttir, skipulagsfræðingur.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1806461 - Málaflokkayfirlit janúar - júní 2019

Á fund bæjarráðs mætti Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri og gerði grein fyrir málaflokkayfirliti janúar – júlí 2019.

2. 1904109 - Minnisblað Sambands Íslenskra sveitarfélaga varðandi forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda ársins 2020 og fjárhagsáætlana til þriggja ára, dags 01.07.19.

Lagt fram og vísað til frekari skoðunar við undirbúning fjárhagsáætlunar 2020 (2020 – 2023).

3. 1907009 - Haukanes 28 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Stefáni Kjærnested, kt. 191271-3519, leyfi fyrir viðbyggingu og breytingum við núverandi hús að Haukanesi 28.

4. 1906083 - Maríugata 7b -Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita HS Veitum, kt. 431208-0590, leyfi fyrir dreifistöð að Maríugötu 7b.

5. 1906243 - Sunnakur 3 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Inga Sturlu Þórisssyni, kt. 060782-5989, leyfi fyrir byggingu einbýlishúss að Sunnakri 3.

6. 1906197 - Hegranes 26 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Jóhannesi Sigurðssyni, kt. 010965-3739, leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús að Hegranesi 26.

7. 1806394 - Lambhagi 5 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Gunnhildi Manfreðsdóttur, kt. 040761-5789, leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús að Lambhaga 5.

8. 1905049 - Rjúpnahæð 11 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Guðmundi Kristni Péturssyni, kt. 271172-3979, leyfi fyrir byggingu geymslu við núverandi hús að Rjúpnahæð 11.

9. **1805161 - Haukanes 10 -Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Brynjari Kjærnested, kt. 121077-4859, leyfi til að breyta áður lokuðu rými í kjallara í íbúðarymi í núverandi húsi að Haukanesi 10.
10. **1808017 - Dýjagata 15 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Höskuldi Erni Arnarsyni, kt. 040380-5749, leyfi til breytinga á einbýlishúsinu að Dýjagötu 15.
11. **1808017 - Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna fráviks frá deiliskipulagsskilmálum vegna Dýjagötu 15.**
Bæjarráð samþykkir tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis þó að breyting sé gerð á halla á þaki, gólfkóta bílgeymslu og klæðningu einbýlishússins að Dýjagötu 15 en um óverulegt frávik er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
12. **1907008 - Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna þjóðlenda- breytt mörk sveitafélagsins, breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Nýtt skipulag fyrir Leiðarenda.**
Lögð fram.
13. **1906364 - Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur. Verkefnafrýsing og umhverfismat**
Lögð fram.
14. **1702322 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag Bessastaða vegna breytinga á bílastæðum.**
Bæjarráð samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 43. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bessastaða vegna breytinga á aðkomu og bílastæðum við aðkoma að Bessastöðum.
15. **1902376 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Maríugötu 1 – 3. - (fjölgun íbúða).**
Bæjarráð samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 43. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts.
16. **1906329 - Afgreiðsla skipulagsnefndar á ósk íbúa Árakurs um að breyta grænum svæðum í bílastæði**
Lögð fram.
17. **1711191 - Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna framkvæmd umbóta í Flataskóla, dags 01.07.19.**
Lagt fram.
18. **1907029 - Bréf Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar og Golfklúbbs Odds um stuðning við framkvæmd Íslandsmóts golfklúbba karla og kvenna 26.-28. júlí, dags 01.07.19.**
Bæjarráð telur eigi unnt að verða við erindinu.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 9. júlí 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Ingvar Arnarsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
27. (1888). fundur 2019

Þriðjudaginn 16. júlí 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Ingvar Arnarson, varamaður, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bærjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1907106 - Fundargerð 17. eigendafundar Sorpu frá 8/7 '19 - erindisbréf fyrir starfshóp vegna vinnu við aðgerðaráætlun um úrgangsmál á höfuðborgarsvæðinu.
Lögð fram til kynningar.

2. 1907107 - Samþykkt stjórnar slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins á erindisbréfi fyrir starfshóp varðandi verklag og eftirlit með búsetu í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.
Lögð fram til kynningar.

3. 1902102 - Undirbúningur vegna komu flóttafólks.

Félagsráðgjafi gerði grein fyrir stöðu undirbúnings vegna komu flóttafólks til Garðabæjar en gert er ráð fyrir að taka á móti fyrstu einstaklingunum um miðjan september.

4. 1806461 - Staða framkvæmda 2019.

Bærjarverkfræðingur gerði grein fyrir stöðu helstu framkvæmda samkvæmt fjárhagsáætlun 2019.

5. 1907113 - Erindi Nova um staðsetningar á staurum við Æðanes til að bæta útbreiðslusvæði farsíma- og farnetsþjónustu fyrir GSM, 3G og 4G þjónustu innan Garðabæjar.

Bæjarráð telur mikilvægt út frá öryggissjónarmiðum að bæjarbúar hafi greiðan aðgang að farsíma-farnetsþjónustu.

Með vísan til þess samþykkir að bæjarráð að heimila NOVA tímabundið til eins árs uppsetningu á staurum fyrir móttökubúnað við Æðanes með því skilyrði að önnur fjarskiptafyrirtæki geti haft aðgang að staurunum. Á tímabilinu skal meta reynslu á bættri þjónustu og kanna viðbrögð íbúa.

6. 1907120 - Bréf Örnefnanefndar um ensk nöfn á íslenskum stöðum, dags. 26.06.19.

Lagt fram.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 16. júlí 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
28. (1889). fundur 2019

Þriðjudaginn 23. júlí 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Harpa Þorsteinsdóttir, varamaður, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi, Guðbjörg Brá Gísladóttir, verkefnastjóri og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1906131 - Aratún 5 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Axel Hrafni Helgasyni, kt. 060773-5999 leyfi fyrir breytingum á þaki á núverandi húsi að Aratúni 5.
- 2. 1907132 - Hagafliót 14 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Guðnýju Gunnarsdóttur, kt. 150593-3609 leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús að Hagafliót 14.
- 3. 1907049 - Hegranes 24 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Jóni Þór Gunnarssyni, kt. 160167-4679 leyfi fyrir innri breytingum við núverandi hús að Hegranesi 24.
- 4. 1906145 - Kaupún 1 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Lagernum Iceland ehf., kt. 451207-0750 leyfi fyrir uppsetningu skiltis á lóðinni við Kaupún 1.
- 5. 1907045 - Skeiðakur 7 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Jóhanni Hauki Hafstein, kt. 020279-4949 leyfi fyrir byggingu einbýlishúss að Skeiðakri 7.
- 6. 1905367 - Sjónarvegur 6 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Aðalmúr ehf., kt. 430407-1470 leyfi fyrir byggingu parhúss að Sjónarvegi 6.
- 7. 1905368 - Sjónarvegur 8 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Aðalmúr ehf., kt. 430407-1470 leyfi fyrir byggingu parhúss að Sjónarvegi 8.
- 8. 1706179 - Smáraflöt 30 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Hrönn Róbertsdóttur, kt. 260373-4639 leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús að Smáraflöt 30.

9. 1906043 - Víðilundur 1 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Erlu Einarsdóttur, kt. 041165-5109 leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús að Víðilundi 1.

10. 1903410 - Opnun tilboða í framkvæmdir við hluta skólalóðar Flataskóla.

Eftirfarandi tilboð bást við opnun tilboða í framkvæmdir við endurbætur á hluta skólalóðar Flataskóla.

K22 ehf.	kr. 39.636.800
Holt og Bolt ehf.	kr. 43.815.500
Dráttabílar - vélaleiga ehf.	kr. 26.535.500
Hellur og lagnir ehf.	kr. 32.305.400
Kostnaðaráætlun	kr. 31.923.600

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda, Dráttarbíla - vélaleigu ehf. með fyrirvara um að um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og felur bæjarverkfræðingi afgreiðslu málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

11. 1907152 - Bréf Hrafnistu - Ísafoldar varðandi verkefnið "Karlar í skúrnum", dags. 15.07.19.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar bæjarstjóra.

12. 1904077 - Bréf NPA miðstöðvarinnar varðandi kröfu um hækkun á framlagi vegna kjarasamningshækkana á almennum vinnumarkaði, dags. 21.06.19.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar hjá fjölskyldusviði.

13. 1907133 - Bréf Umhverfisstofnunar varðandi stefnu um meðhöndlun úrgangs, dags. 12.07.19.

Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar í umhverfisnefnd.

14. 1907187 - Tilkynning frá félagsmálaráðuneytinu varðandi frumvarp um nýja Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, dags. 15.07.19.

Lögð fram.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 23. júlí 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
29. (1890). fundur 2019

Þriðjudaginn 30. júlí 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri og Guðbjörg Brá Gísladóttir, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1905048 - Mariúgata 30-32 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Gerð ehf., kt. 530116-0180, leyfi fyrir byggingu fjölbýlishúss með 16 íbúðum að Mariúgötu 30-32.

2. 1907202 - Bréf MS og KP varðandi byggingarrétt á bæjarstæði jarðarinnar Selskarðs, dags. 25.04.19.

Bæjarráð bendir bréfiturum á að með vísan til aðalskipulags Garðabæjar er ekki gert ráð fyrir byggð á því svæði þar sem áður stóð íbúðarhús í landi Selskarðs.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara bréfinu.

3. 1907047 - Opnun tilboða í framkvæmdir við gatnagerð á Sveinskotsreit.

Eftirfarandi tilboð barst við opnun tilboða í framkvæmdir við gatnagerð á Sveinskotsreit.

Jarðtækni ehf./JJ pípulagnir kr. 86.950.280

Kostnaðaráætlun kr. 76.422.860

Afgreiðslu frestað.

4. 1906350 - Afgreiðsla umhverfisnefndar varðandi viðurkenningar fyrir snyrtilegt umhverfi 2019.

Bæjarráð samþykkir tillögu umhverfisnefndar um viðurkenningar fyrir snyrtilegt umhverfi 2018.

5. 1907242 - Bréf Umhverfisstofnunar varðandi tillögu að friðlýsingu háhitasvæðis Brennisteinsfjalla, dags. 23.07.19.

Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar umhverfisnefndar.

6. 1906192 - Bréf Skipulagsstofnunar varðandi tengingu Hnoðraholtbrautar við Arnarnesveg, dags. 25.07.19.

Efla verkfræðistofa hefur fyrir hönd Garðabæjar sent Skipulagsstofnun tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu tengingar Hnoðraholtbrautar í Hnoðraholti í Garðabæ við Arnarnesveg í Kópavogi. Skipulagsstofnun hefur óskað eftir að veitt verði umsögn um málið. Garðabær er einn af umsagnaraðilum varðandi áhrif framkvæmdarinnar á umhverfi.

Bæjarráð felur bæjarstjóra afgreiðslu málsins.

7. 1812195 - Þjónustusamningur Áss styrktarfélags og Garðabæjar - kostnaðarútreikningur.

Bæjarráð samþykkir kostnaðarútreikning vegna samnings við Styrktarfélagið Ás um rekstur þjónustu búsetukjarna við Unnargrund. Samkvæmt kostnaðarútreikningi er gert ráð fyrir að kostnaður á ársgrundvelli verði kr. 126.296.845 og er þá miðað við eina næturvakt.

Sara Dögg Svanhildardóttir leggur fram eftirfarandi fyrirspurn.

"Það vekur furðu að drög að samningi við ÁS styrktarfélag sem samþykkt voru í bæjarráði 30. apríl síðastliðinn að bera undir bæjarstjórn sé ekki enn frágenginn. Þrátt fyrir að búið sé að gefa tilvonandi íbúum fyrirheit um að flutningar verði í ágústmánuði.

Ekki vekur það síður furðu að tilvonandi íbúar fái fregnir af seinkun um flutning með eins stuttum fyrirvara og raun ber vitni eða rétt um viku fyrir mánaðarmót. Hér er um einn viðkvæmasta hóp einstaklinga að ræða og verulegar breytingar á aðstæðum þessara einstaklinga og því gríðarlega mikilvægt að vanda til verka og lágmarka alla óvissu í slíku ferli.

Því legg ég fram eftirfarandi fyrirspurn:

Hvaða forsendur lágu fyrir þegar tilvonandi íbúum var tilkynnt að miðað væri við flutning í ágúst? Og hvað hefur breyst?"

Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara fyrirspurninni.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 30. júlí 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
30. (1891). fundur 2019

Þriðjudaginn 13. ágúst 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Björg Fenger, varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi, Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri og Guðbjörg Brá Gísladóttir, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1906334 - Vetrarbraut 18, fjölnota íþróttahús - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Íslenskum aðalverktökum hf., kt. 660169-2379, leyfi til að byggja fjölnota íþróttahús að Vetrarbraut 18.
- 2. 1907046 - Sunnuflöt 35 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Birni Inga Hafliðasyni, kt. 140668-4519, leyfi til að reisa stoðveggi á lóðinni að Sunnuflöt 35.
- 3. 1907255 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu um breytingu á svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að gera ekki, fyrir sitt leyti, athugasemdir við tillögu að breytingu á svæðisskipulagi Suðurnesja enda verði tillagan tekin til umfjöllunar hjá samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins þar sem lagt verður mat á tillöguna út frá sameiginlegum hagsmunum höfuðborgarsvæðisins.
- 4. 1907230 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi fyrirspurn um breytingu á ákvæðum um hámarkshæð vegna byggingar einbýlishúss að Víkurgötu 27.**
Lögð fram.
- 5. 1906192 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsögn vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu fyrir tengingu Hnoðraholtbrautar við Arnarnesveg.**
Bæjarráð samþykkir umsögn vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu fyrir tengingu Hnoðraholtbrautar við Arnarnesveg.
- 6. 1710083 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda.**
Bæjarráð samþykkir samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda sem nær til svæðis sem afmarkast af Lyngási, Stórásí og Ásabraut. Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, sbr 1. mgr. 41. gr. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Skipulagsnefnd samþykkti að leggja til eftirfarandi breytingar við auglýsta tillögu.

Íbúðum er fækkað úr 390 íbúðum í 375 íbúðir. Fjöldi bílastæða verður óbreyttur frá auglýstri tillögu og hækkar úr 1,2 í 1,25 bílastæði á íbúð.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

7. 1907130 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um uppsetningu ljósaskiltis á húsinu við Miðhraun 2.

Bæjaráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn lóðarhafa að Miðhrauni 2 um frávík frá skipulagsskilmálum varðandi uppsetningu á ljósaskilti.

8. 1906365 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi fyrirspurn um fjölgun íbúða á lóðinni við Holtsveg 55.

Lögð fram.

9. 1908033 - Tilkynning frá Félagi Sameinuðu Þjóðanna varðandi málstofu um innleiðingu sveitarfélaga á heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna, dags. 05.08.19.

Lögð fram.

10. 1908055 - Tilkynning frá Ferðamálastofu varðandi umsóknarfrest um styrki frá NATA, samstarfssamningi Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði ferðamála, dags., 06.08.19.

Bæjarráð vísar umsókninni til umfjöllunar umhverfisnefndar og íþrótt- og tómstundaráðs.

11. 1907047 - Tilboð í framkvæmdir við gatnagerð á Sveinskotsreit.

Á fundi bæjarráðs 30. júlí sl. var lagt fram eitt tilboð í framkvæmdir við gatnagerð á Sveinskotsreit.

Jarðtækni ehf./JJ pípulagnir kr. 86.950.280.

Kostnaðaráætlun kr. 76.422.860.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarverkfræðingi að leita samninga við bjóðanda á grundvelli tilboðs hans.

12. 1907017 - Bréf Sjafnar Haraldsdóttur varðandi breytta skráningu eignar við Nýhöfn 3, dags. í júlí 2019.

Bæjarráð samþykkir að fela byggingarfulltrúa að taka til afgreiðslu umsókn bréfitara um að breyta skráningu eignar að Nýhöfn 3 í samræmi við heimildir í gildandi deiliskipulagi.

Við afgreiðslu málsins skal þess gætt að samkvæmt skipulagsskilmálum getur stærð atvinnurýmis sem tengist einstaka íbúðum einungis verið 60 fm að stærð og getur ekki talist sérstakur eignarhluti. Þinglýsa skal yfirlýsingu þess efnis ásamt því að taka fram að samkvæmt skilmálum skal atvinnustarfsemi í rýminu flokkast sem smástarfsemi tengd viðkomandi íbúð.

Við lokaúttekt skal fara fram skráning á atvinnurými í fasteignaskrá.

13. 1906047 - Umsókn MB um lækku útsvars.

Bæjarráð samþykkir að nýta ekki heimild í 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 til að lækka eða fella niður álagt útsvar. Umsókninni er hafnað.

Bæjarráð bendir umsækjanda á að leita til Ríkisskattstjóra með umsókn um lækku á útsvarsstofni á grundvelli laga um tekjuskatt nr. 90/2003 eða eftir atvikum að leita til fjölskyldusviðs á grundvelli ákvæða laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

14. 1812061 - Fundargátt nefndarmanna - breytt innskráning.

Upplýsingastjóri gerði grein fyrir innleiðingu nýrra reglna varðandi innskráningu bæjarfulltrúa og nefndarmanna í fundargátt.

Bæjarráð óskar eftir að persónufulltrúi mæti á fund bæjarráðs og geri nánar grein fyrir helstu ástæðum og forsendum fyrir nýjum reglum um innskráningu í fundargátt.

15. 1803127 - Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu - viðræður SSH og ríkisins um uppbyggingu samgöngumála á höfuðborgarsvæðinu.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir viðræðum starfshóps SSH og ríkisins um uppbyggingu samgöngumála á höfuðborgarsvæðinu.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 13. ágúst 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Fjölskylduráð Garðabæjar
6. fundur 2019

Þriðjudaginn 25. júní 2019 kl. 16:15 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sigprúður Ármann aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir aðalmaður og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir yfirfélagsráðgjafi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1306446 - Barnaverndarmál

Mál 1306446 lagt fyrir fjölskylduráð Garðabæjar vegna ákvarðanatöku um varanlega fósturvistun barns. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

2. 1906289 - Samkomulag um sameiginlega bakvakt í barnaverndarmálum

Mál 1906289 lagt fyrir fjölskylduráð til umræðu og bókunar. Forsenda fyrir sameiginlegum bakvöktum barnaverndarnefnda í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi er að starfsmenn sem sinna bakvöktum starfi í umboði allra nefndanna. Einnig þarf að liggja fyrir undirritað samkomulag milli þessara þriggja sveitarfélaga um framkvæmd og skipulag sameiginlegra bakvakta. Fjölskylduráð er fylgjandi samstarfinu og því formi sem það hefur verið á hingað til. Formaður fjölskylduráðs undirritaði umboð barnaverndar Garðabæjar til starfsmanna samstarfssveitarfélaga.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fjölskylduráð Garðabæjar

7. fundur 2019

Miðvikudaginn 17. júlí 2019 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir aðalmaður og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1905120 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Mál 1905120, umsókn um námsstyrk á grundvelli 21. gr. reglna um fjárhagsaðstoð hjá Garðabæ, lögð fram til afgreiðslu. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundarins.

2. 1904211 - Reglur um NPA

Mál nr. 1904211, drög að reglum um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk í Garðabæ, lögð fram til kynningar. Drögin voru rædd og starfsmönnum falið að leggja lokahönd á vinnuna og upplýsa fjölskylduráð um framvinduna. Drögin verða lögð fram á næsta fundi samráðshóps um málefni fatlaðs fólks.

3. 1907066 - Beiðni um samstarf vegna notkunnar málavogar í barnavernd

Mál nr. 1907066, beiðni um samstarf vegna notkunnar málavogar í barnavernd, lögð fram til afgreiðslu. Beiðnin vísar til þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2019-2020. Í F hluta áætlunarinnar er fjallað um bætt verklag í barnavernd og mikilvægi þess að meta vinnuálag starfsfólks í barnavernd. Er málavoginni ætlað að meta vinnuálag og málafjölda með kerfisbundnum hætti, að minnsta kosti á þriggja mánaða fresti. Árið 2020 á að fara fram könnun á notkun málavogarinnar, niðurstöðum úr mælingum og viðbrögðum barnaverndarnefnda við þeim niðurstöðum.

Farið hefur fram ein mæling af þessu tagi í maí sl., önnur mæling er áætluð í september 2019.

Fjölskylduráð telur að þessi beiðni falli vel að framkvæmdaáætlun Garðabæjar á sviði barnaverndar árin 2018-2022, en þar kemur fram mikilvægi markvissrar vinnu í málefnum barna á grundvelli barnaverndarlaga og vikið að mikilvægi fullnægjandi mönnunar í barnaverndarstarfi svo unnt sé að sinna skyldum sveitarfélagsins. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs mun upplýsa ráðið um framvinduna.

Fleira ekki gert.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
10. fundur 2019

Fimmtudaginn 4. júlí 2019 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi og Anna María Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1702322 - Bessastaðir. Dsk breyting vegna aðkomu.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Bessastaða sem gerir ráð fyrir breytingum á aðkomu og bílastæðum framan við Bessastaði. Markmiðið er að bæta öryggi og aðgengi ferðamanna og annara sem sækja Bessastaði heim.

Gert er ráð fyrir að bílastæði sem sýnd eru í brekkunni norðan og vestan við kirkju verð flutt yfir á túnið norðan við núverandi heimreið og fjær forsetasetrinu. Gert verður ráð fyrir um 110 bílastæðum sem munu hafa grænt yfirbragð og ætlað að vera áfram hluti af tünnum Bessastaða. Gert verður ráð fyrir stæðum fyrir hópferðabíla meðfram heimreið að norðanverðu. Öryggishlið færast til.

Svæði sem breyting nær til og fjöldi bílastæða er talsvert minna en forkynt tillaga gerði ráð fyrir.

Kveðið er á um efnisnotkun og útfærslu bílastæða á meðfylgjandi skýringaruppráttum. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 1.mgr.43.gr.sömu laga. Afla skal umsagna frá Minjastofnun, Vegagerðinni og veitustofnunum á auglýsingartíma.

2. 1812022 - Garðahraun efra-Fólkvangur, deiliskipulag

Tillaga að deiliskipulagi fólkvangsins Garðahrauns efra að lokinni auglýsingu. Athugasemdir sem borist hafa lagðar fram. Vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjafa og tækni-og umhverfissviði.

3. 1809189 - Molduhraun, endurskoðun deiliskipulags.

Tillaga að endurskoðuðu deiliskipulagi Molduhrauns að lokinni auglýsingu. Engar athugasemdir bárust en umsagnir sem óskað var eftir hafa enn ekki borist. Vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjafa og tækni-og umhverfissviði.

4. 1903082 - Bæjargarður, stígakerfi, dsk breyting.

Tillaga að breytingun deiliskipulags Bæjargarðs að lokinni auglýsingu. Athugasemdir sem borist hafa lagðar fram. Vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjafa og tækni-og umhverfissviði.

5. 1710083 - Lyngásvæði, deiliskipulag L1 og L2

Tillaga að breytingu deiliskipulags Ása-og Grunda lögð fram efra að lokinni auglýsingu. Athugasemdir sem borist hafa lagðar fram. Vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjafa og tækni-og umhverfissviði.

6. 1906365 - Holtsvegur 55, breyting á deiliskipulagi

Lögð fram fyrirspurn um fjölgun íbúða í fjölbýlishúsi að Holtsvegi 55. Fyrirspurn vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar og Urriðaholts ehf. Guðrún Dóra vék af fundi undir þessum lið.

7. 1902376 - Urriðah Austurhl 1, Mariugata 1 - 3, deiliskipulagsbreyting

Lagt fram erindi lóðarhafa þar sem óskað er eftir fjölgun íbúða ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar dags 28.júní sem Urriðaholt ehf tekur undir. Í umsögn kemur fram það álit að hægt verði að fjölga íbúðum svo vel fari miðað við tillögur umsækjanda um fjölgun bílastæða á lóð.

Skipulagsnefnd vísar breytingartillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 sbr.1.mgr.43.gr.sömu laga. Baldur Ó.Svavarsson vék af fundi undir þessum lið.

8. 1907004 - Hraungata 15-19, deiliskipulagsbreyting. Austurhluti 1.

Lögð fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir fjölgun íbúða í fjölbýlishúsinu.

Vísað til umsagnar deiliskipulagshöfunda og Urriðaholts ehf.

9. 1808017 - Dýjagata 15 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að breytingum á byggingarleyfisgögnum ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar dags.6.júní 2019 sem Urriðaholt ehf tekur undir. Með vísan í umsögnina gerir skipulagsnefnd ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verði vikið frá kröfum 2.mgr. 43.greinar Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað varðar umrædd ákvæði deiliskipulags.

10. 1706139 - Haukanes 24 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að byggingarleyfisumsókn fyrir nýtt einbýlishús að Haukanesi 24 sem fer umfram heimild deiliskipulags um heildarnýtingarhlutfall.

Tillögu er vísað til umsagnar deiliskipulagshöfunda þar sem fram komi hve mikill hluti heildarflatarmáls geti talist rými án grenndaráhrifa og hvort hæð hússins sé í samræmi við ákvæði deiliskipulagsins.

11. 1906181 - Jafnakur 8 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Vísað til frekari skoðunar.

12. 1904344 - Smáraflöt 35 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram ný útfærsla á byggingarleyfisumsókn. Gert er ráð fyrir 7,5 m löngum vegg á lóðarmörkum en aðrir hlutar norðurhlíðar er 50 cm frá lóðarmörkum.

Skipulagsnefnd lítur svo á að útfærslan sé í samræmi við ákvæði deiliskipulags Flata.

13. 1906329 - Árakur breyting á deiliskipulagi - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Svar skipulagsnefndar er að ekki sé æskilegt að þau svæði meðfram götu sem sýnd séu sem græn svæði á deiliskipulagsupphætti séu lögð undir bílastæði.

14. 1906312 - Landshlutaáætlanir í skógrækt og lykilhlutverk sveitarfélaga í loftslagsmálum

Erindi lagt fram.

15. 1906364 - Aðalskipulag Reykjavíkur, breyting. Verkefnalýsing og umhverfismat

Lögð fram verklýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Með verklýsingunni er boðaðar umfangsmiklar breytingar á AR2010-2030, sem einkum varða stefnu um íbúðarbyggð, markmið í húsnæðismálum, þéttleika byggðar og forgangsröðun uppbyggingar. Með vísan til 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og laga nr. 105/2006 um umhverfismat er verkefnalýsingin, ásamt matslýsingu, lögð fram til kynningar og umsagnar. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við verkefnalýsinguna.

16. 1907008 - Þjóðlenda- breytt mörk sveitafélagsins, breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Nýtt skipulag fyrir Leiðarenda.

Lögð fram verkefnalýsing á breytingu aðalskipulags Hafnarfjarðar sem gerir ráð fyrir því að mörk aðalskipulagsins breytist til samræmis við breytingu á staðarmörkum Hafnarfjarðarkaupstaðar til samræmis við úrskurð óbyggðanefndar frá 20.júní 2014. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við verkefnalýsinguna.

17. 1906025F - afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Fundargerð 4. afgreiðslufundar sem haldinn var 19.júní sl lögð fram í samræmi við 3.gr. viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017.

17.1 1905049 - Rjúpnahæð 11 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi Hæða (Bæjargil II.áfangi) sem gerir ráð fyrir 29 m² smáhýsi á baklóð, utan byggingareits. Skipulagsstjóri metur breytinguna sem óverulega í samræmi við 2.mgr.43.gr.skipulagslaga og vísar henni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum og íbúum Rjúpnahæðar 8,9, 10, 11,12 og 13. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017.

17.2 1906036 - Rjúpnahæð 13 -Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi Hæða sem gerir ráð fyrir um 90 m² viðbyggingu á baklóð, utan byggingareits. Skipulagsstjóri metur breytinguna sem óverulega í samræmi við 2.mgr.43.gr.skipulagslaga og vísar henni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum og íbúum Rjúpnahæðar 10, 11, 12, 14 og 15. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017.

17.3 1905258 - Smáraflöt 11 -Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram tillaga að viðbyggingu við íbúðarhús sem er styttri en tillaga sem lögð var fyrir skipulagsnefnd og er nú innan byggingarreits. Húshlið er brotin upp með inngarði fyrir miðjum byggingarreit. Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingun á deiliskipulagi Flata þar sem að meira en 7,5 m af byggingunni eru á lóðarmörkum og vísar henni til grenndarkynningar í

samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.
Grenndarkynna skal eigendum Smáraflatar 9, 10, 12, 13, 14, 41 og 43.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017.

17.4 1810324 - Smáraflöt 11 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Sjá bókun við lið 3.

17.5 1810085 - Beiðni um samstarf við að reisa girðingu við Unnargrund

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram umsókn um leyfi til að reisa skjól- og hljóðvarnargirðingar sem er að hluta utan lóðarmarkna raðhúsalengjunnar Unnargrund 1-9.

Með vísan í viðmiðunarreglur byggingarfulltrúa um hæð léttra veggja á lóðarmörkum að opnum svæðum og greinar 1.8. í deiliskipulagsskilmálum gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að skjól-og hljóðvarnargirðingar verði reistar að hluta á milli lóðarmarkna og gangstéttar.

17.6 1906101 - Smiðsbúð 7 - dsk breyting Búða

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags lóðbúðar og Smiðsbúðar og vísar til grenndarkynningar í samræmi við 2.mgr.43.gr.skipulagslagar nr.123/2010. Grenndarkynna skal eigendum Smiðsbúð 5,8, 9, 10 og 12 og lóðbúð 4,6 og 8. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017.

17.7 1805161 - Haukanes 10 -Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Arnarness að lokinni grenndarkynningu. Með vísan í 3.ml.3.mgr.41.gr.Skipulags-og byggingarlaga nr.123/2010 skoðast tillagan því samþykkt og verður send Skipulagsstofnun sem breyting deiliskipulags Arnarness.

17.8 1806394 - Lambhagi 5 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu einbýlishússins að Lambhaga 5 að lokinni grenndarkynningu skv. 44.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Engar athugasemdir bárust Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að byggingarleyfi verði veitt sem er í samræmi við grenndarkynnt gögn.

18. 1907001F - afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Fundargerð 5. afgreiðslufundar sem haldinn var 3.júlí sl lögð fram í samræmi við 3.gr. viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017.

18.1 1906220 - Dýjagata 5 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verði vikið frá ákvæði deiliskipulags hvað þetta atriði varðar sbr.3.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar

nr.20/2017.

18.2 1906055 - Kinnargata 10-12 - Veggir - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Svar skipulagsstjóra við fyrirspurn er það sama og fram kemur í umsögn deiliskipulagshöfundar dags 28.júní 2019.

18.3 1906043 - Viðilundur 1 -Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lagðir fram uppdrættir byggingarleyfisumsóknar þar sem að allir þeir sem grenndarkynning náði til hafa staðfest með undirritun sinni að þeir geri ekki athugasemdir við að byggingarleyfi verði veitt.

Með vísan í 44.gr.skipulagslaga nr.123/2010 gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að byggingarleyfi verði veitt fyrir framkvæmdinni.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017.

18.4 1905257 - Dýjagata 8 - svalir -frávik deiliskipulag - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Urriðaholts vesturhluta sem vísað hefur verið til grenndarkynningar. Lagðir fram uppdrættir sem sýna umrædda breytingu og þar sem að þeir sem grenndarkynning nær til hafa lýst því yfir með að þeir geri ekki athugasemd við breytinguna. Í samræmi við 3.mgr.44.greinar Skipulagslaga nr.123/2010 skoðast tillagan því samþykkt og skal senda Skipulagsstofnun breytinguna og birta auglýsingu um gildistöku í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við í samræmi við 2.mgr.43.gr. sömu laga.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017.

18.5 1905049 - Rjúpnahæð 11 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Hæðahverfis (Bæjargils II.áfangi) sem vísað hefur verið til grenndarkynningar. Lagðir fram uppdrættir sem sýna umrædda breytingu og þar sem að þeir sem grenndarkynning nær til hafa lýst því yfir með að þeir geri ekki athugasemd við breytinguna. Í samræmi við 3.mgr.44.greinar Skipulagslaga nr.123/2010 skoðast tillagan því samþykkt og skal senda Skipulagsstofnun breytinguna og birta auglýsingu um gildistöku í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við í samræmi við 2.mgr.43.gr. sömu laga.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017.

18.6 1903162 - Endurskoðun Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lagt fram erindi Kópavogs vegna verkefnislýsingar og álit aðalskiplagsráðgjafa sem fram kemur í tölvupósti dags 30.júní.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við lýsinguna.

18.7 1906197 - Hegrans 26 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lögð fram tillaga að breytingu á núverandi íbúðarhúsi sem gerir ráð fyrir lengingu nústandandi bifreiðargeymslu sem er að hluta utan byggingarreits í samræmi við veitt byggingarleyfi 4.ágúst 1965. Lengd bílageymslu í dag er 7,6 m en verður 11,73 m. Fyrir liggur samþykki eiganda aðliggjandi lóðar Hegranes 24. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verði heimilað að vikið verð frá kröfum 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 þar sem að um óverulegt frávík er að ræða. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
11. fundur 2019

Fimmtudaginn 8. ágúst 2019 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Anna María Guðmundsdóttir verkefnastjóri, Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Sólveig H. Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1811125 - Urriðaholt Austurhluti 2 - deiliskipulag

Fulltrúar Urriðaholts ehf og deiliskipulagshöfundar kynntu drög að deiliskipulagi Urriðaholts Austurhluta 2 sem nú er lagt til að verði nefnt 4. áfangi deiliskipulags norðurhluta Urriðaholts.

Vísað til frekari úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og tækni- og umhverfissviði.

2. 1907004 - Hraungata 15-19, deiliskipulagsbreyting. Austurhluti 1.

Lögð fram umsögn skipulagsráðgjafa um fyrirspurn lóðarhafa um fjölgun íbúða.

Ráðgjafar mæla ekki með fjölgun íbúða um 7 íbúdir. Vísað til skoðunar hjá tækni og umhverfissviði. Baldur Ó. Svavarsson vék af fundi undir þessum lið.

3. 1906365 - Holtsvegur 55, breyting á deiliskipulagi

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa um fjölgun íbúða um 4 og aukningu á byggingarmagni.

Lögð fram umsögn deiliskipulagshöfundar þar sem fram kemur að ekki hefur verið fallist á aukningu byggingarmagns í þeim tilvikum sem íbúðum hefur verið fjölgað. Með vísan í framlagða umsögn er svar skipulagsnefndar neikvætt. Baldur Ó Svavarsson og Guðrún Dóra Brynjólfadóttir véku af fundi undir þessum lið.

4. 1809189 - Molduhraun, endurskoðun deiliskipulags.

Lögð fram tillaga að endurskoðuðu deiliskipulagi Molduhrauns ásamt umsögn Vegagerðarinnar. Vísað til frekari skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

5. 1907130 - Miðhraun 2 -Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að útfærslum ljósaskilta við þakbrún á lyftuhúsi verslunarhússins sem er hærri en þak hússins. Skipulagsnefnd bendir á að meðan að skilti eru neðan við þakbrún eru þau heimil samkvæmt tillögu að endurskoðuðu deiliskipulagi Molduhrauns. Fyrir umrædda lóð eru til sérstök ákvæði sem staðfest voru með deiliskipulagsbreytingu en þar er einnig kveðið á um að skilti skulu vera neðan við þakbrún og ennfremur að ekki sé heimilt að vera með upplýst skilti á norðurhlíð. Samkvæmt tillögu er skilti ofan við þakbrún og brýtur því í bága við deiliskipulagákvæði. Skipulagsnefnd mun ekki

fallast á að deiliskipulagsákvæðum verði breytt hvað þetta varðar enda eru þau sett í samræmi við ákvæði aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem sett eru fram í kafla 3.2.4. í greinargerð með aðalskipulagi.

6. 1710083 - Lyngássvæði, deiliskipulag L1 og L2

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Ása og Grunda sem nær til svæðis sem afmarkast af Lyngási, Stórasi og Ásabraut að lokinni kynningu. Lagðar fram athugasemdir sem bást innan athugasemdafrests.

Lögð fram greinargerð deiliskipulagsráðgjafa þar sem gerðar eru tillögur að viðbrögðum við athugasemdum og svör við þeim.

Skipulagsnefnd leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á auglýstri tillögu:

- Íbúðum fækkað úr 390 íbúðum í 375 íbúðir
- Íbúðum verður fækkað en bílastæðamagn verður áfram það sama og auglýst var á uppdrætti og hækkar þannig að meðaltali fyrir skipulagssvæðið úr 1,2 í 1,25 bílastæði á íbúð.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með ofangreindum breytingum í samræmi við 3. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

7. 1906192 - Hnoðraholt norður deiliskipulag

Lögð fram tillaga að umsögn Garðabæjar vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu fyrir tengingu Hnoðraholtstraugar í Hnoðraholti við Arnarnesveg. Höfundur tillögunnar að umsögn er Efla ehf sem er í hópi skipulagsráðgjafa vegna aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags Hnoðraholt norðurhluta sem unnið er að. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við tillögu að umsögn en leggur til að fram komi í umsögninni að á framkvæmdatíma uppbyggingar í Hnoðraholti og Vetrarmýri verði vegurinn ekki nýttur til gegnumaksturs fyrir þungaflutninga frá framkvæmdarsvæðum heldur til að þjónusta íbúðarbyggð sem fyrir er.

Samkvæmt drögum að tillögu að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi norðurhluta Hnoðraholt er gert ráð fyrir því að Hnoðraholtstraug færir austar og sunnar en núverandi Hnoðraholtstraug og að svæðið sem myndast þar á milli verði m.a. nýtt til hljóðvarna.

8. 1706258 - Hraungata 8 (áður 10) - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að óverulegri deiliskipulagsbreytingu vegna gerðar gustlokaðs rýmis á efri hæð hússins að lokinni grenndarkynningu. Athugasemdir sem borist hafa lagðar fram.

Athugasemdum og tillögu vísað til úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði.

9. 1907230 - Víkurgata 27, breyting á hámarkshæð fyrirspurn

Lögð fram fyrirspurn vegna breytingar á hámarkshæð. Skipulagsnefnd leggst gegn breytingu á hámarkshæð sem lýst er í tillögunni. Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir vék af fundinum undir þessum lið.

10. 1907203 - Nýhöfn 1-5, breyting á bílastæðum

Lagt fram erindi húsfélagsins að Nýhöfn 1-5 þar sem spurt er hvort leyft yrði að breyta bílastæðum þannig að bílastæði utan lóðar yrðu framan við bifreiðargeymslu og þar af leiðandi til einkaafnota eigenda þeirra.

Erindinu vísað til tækni- og umhverfissviðs og deiliskipulagshöfundar.

11. 1907255 - Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024, breyting. Ósk um umsögn.

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemd við breytingartillöguna er leggur áherslu á mikilvægi þess að samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins leggi mat á tillöguna út frá sameiginlegum hagsmunum höfuðborgarsvæðisins.

12. 1908001F - afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6

12.1 1905258 - Smáraflöt 11 -Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6

Lögð fram, að lokinni grenndarkynningu tillaga að viðbyggingu við íbúðarhús innan byggingarreits. Húshlið er brotin upp með inngarði fyrir miðjum byggingarreit. Skipulagsstjóri mat tillöguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Flata þar sem að meira en 7,5 m af byggingunni eru á lóðarmörkum og vísaði til grenndarkynningar í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 5.ágúst
Grenndarkynnt var eigendum Smáraflatar 9, 10, 12, 13, 14, 41 og 43.
Engar athugasemdir bárust og skoðast tillagan því samþykkt sem óveruleg breyting deiliskipulags Flata.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017.

12.2 1906036 - Rjúpnahæð 13 -deiliskipulagsbreyting

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6

Lögð fram tillaga óverulegri breytingu á deiliskipulagi Hæða (Bæjargil II. áfangi)að lokinni grenndarkynningu. Tillagan gerir ráð fyrir um 90 m2 viðbyggingu á baklóð, utan byggingareits.
Grenndarkynnt var eigendum og íbúum Rjúpnahæðar 10, 11, 12, 14 og 15. Engar athugasemdir bárust.
Tillagan skoðast því samþykkt sem óveruleg breyting deiliskipulags Hæða sbr. 2.mgr.43.gr.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017.

12.3 1905356 - Súlunes 5- Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu sem nær lítillaga út fyrir byggingarreit í norðurhorni austurálmú.
Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verði vikið frá kröfum 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 þar sem að um óverulegt frávik er að ræða. Vakín er athygli á því að skjólveggir sem eru nær lóðarmörkum en sem nemur hæð girðingar þurfa samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017.

12.4 1810087 - Hvannakur 7, dsk br

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Akra að lokinni grenndarkynningu í samræmi við 2.mgr.43.gr. og.44.gr. Skipulagslaga nr.123/2010. Tillagan gerir ráð fyrir því að ytri byggingarreitur á suðurhlið sé nýttur um 3/4 í stað 1/2 eins og skilmálar heimila. Grenndarkynnt var eigendum Hvannakurs 5 og 9 og Kaldakurs 6 og 8. Engar athugasemdir

bárust og tillagan skoðast því samþykkt.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017.

12.5 1906101 - Smiðsbúð 7 - dsk breyting Búða

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Iðnbúðar og Smiðsbúðar að lokinni grenndarkynningu í samræmi við 2.mgr.43.gr. og 44.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Tillagan gerir ráð fyrir lengingu byggingarreits á baklóð. Byggingarreitur á langhlið færir að núverandi byggingu. Grenndarkynnt var eigendum Smiðsbúð 5,8, 9, 10 og 12 og Iðnbúð 4,6 og 8.

Engar athugasemdir bárust. Tillagan skoðast því samþykkt sem óveruleg deiliskipulagsbreyting.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017.

12.6 1907097 - Asparlundur 10 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi vegna endurbóta íbúðarhúss þar sem m.a. er gert ráð fyrir breytingu á þaki bifreiðargeymslu. Þakið verði uppbyggt með lágum þakhalla.

Skipulagsstjóri vísar umsókninni til grenndarkynningar í samræmi við 44.gr.Skipulagslaga þar sem að deiliskipulag telst ekki í gildi. Grenndarkynna skal eigendum Asparlunda 7,8 og 9 sem og Skógarlunda 9 og 11.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
14. fundur 2019

Fimmtudaginn 18. júlí 2019 kl. 16:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufræðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1906350 - Snyrtilegt umhverfi 2019

Umhverfisnefnd fór í árlega garðaskoðun.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Öldungaráð 2. fundur 2019

Miðvikudaginn 15. maí 2019 kl. 08:30 kom öldungaráð saman til fundar í Ísafold, Strikinu 3.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson aðalmaður, Anna Guðrún Hugadóttir aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Ástbjörn Egilsson aðalmaður, Ólafur J Proppé aðalmaður, Guðlín Jóna Ómarsdóttir aðalmaður og Hildigunnur Árnadóttir forstöðumaður.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1904298 - Greiðsla styrks 2019

Greint frá samþykkt bæjarráðs varðandi greiðslu styrks að upphæð kr. 400.000 til félags eldri borgara í Garðabæ.

2. 1902056 - Tillaga um að gerð verði könnun meðal eldri borgara varðandi nýtingu á þeirri heilsurækt sem er í boði í Garðabæ.

Í samantekt um fjölda þeirra eldri borgara sem eru að nýta sér heilsurækt á árinu 2018 þá kemur fram að tæplega 1500 (1489) skráningar eru fyrir hendi og að tæplega 2000 (1988) manns eru að nýta sér þá heilsurækt sem í boði er. Öldungaráð benti á mikilvægi þess að koma upp skráningarkerfi sem varpar nákvæmu ljósi á nýtinguna ekki síst til að draga fram fjölda þeirra sem ekki eru þátttakendur í heilsurækt fyrir eldri borgara.

Öldungaráð leggur áherslu á að gerð verði formleg spurningakönnun fyrir eldri borgara í Garðabæ þar sem spurt er um viðhorf til þeirrar heilsuræktar sem í boði er, hvort fólk er í annari heilsurækt en þeirri sem í boði er í Garðabæ og hvaða viðbætur fólk vilji sjá í framboðinu. Er forstöðumanni stuðningsþjónustu- og öldrunarála falið að framkvæma þessa könnun.

3. 1710101 - Stefna í málefnum eldri borgara - Aðgerðaráætlun

Almenn umræða um þau verkefni sem voru sett á áætlun árið 2018, staða þeirra og þau verkefni sem sett voru á oddinn 2019. Nýr forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu mun koma inn á næsta fund Öldungaráðs og gera grein fyrir þeim verkefnum sem komin eru af stað og aðgerðum árið 2019.

- Greint frá ráðningu nýs forstöðmanns stuðnings- og öldrunarþjónustu, Svanhildur Þengilsdóttir
- Stefna í málefnum aldraðra, staða verkefna og næstu skref
- Samantekt á þátttöku eldri íbúa í frístundastarfi

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS

247. fundur –1. júlí 2019

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 1. júlí 2019. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 16.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Þóru Daggar Jörundsdóttur og Harðar Þorsteinssonar, sem ritaði fundargerð.

1 Skipulagsmál

1.1 Umsögn um frummatsskýrslu vegna Suðurnesjalínu 2.

Lagt fram erindi frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er eftir umsögn um frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum Suðurnesjalínu 2. Óskað er eftir afstöðu heilbrigðiseftirlitsins á því hvort fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaraðila á þeim.

Gnýr vék af fundi við afgreiðslu þessa erindis.

Frestur var veittur til 10. júlí til að veita umsögn og er framkvæmdastjóra falið að ganga frá umsögn að lokinni skoðun og rýni heilbrigðisfulltrúa.

1.2. Umsögn um tillögur Umhverfisstofnunnar um ný vatnshlot í strandsjó.

Lagt fram erindi Umhverfisstofnunnar dags. 12. júní 2019 þar sem óskað er umsagnar um tillögur að nýjum vatnshlotum í strandsjó.

Þar sem ekki eru gerðar tillögur að breytingum á afmörkun vatnshlota á strandsvæðum höfuðborgarsvæðisins gerir Heilbrigðisnefnd ekki athugasemdir við tillögurnar.

2 Starfsleyfi og umsagnir

Lagður fram listi mála um starfsleyfi, umsagnir og annað.

Garðabær

2.1 Garðatorg 7, Garðabær – tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Áslaugar Óskarsdóttur, f.h. Plasttækni ehf., kt. 520171-0619, dags. 28.05.2019, þar sem sótt er um leyfi til rekstur tannlæknastofu að Garðatorgi 7, Garðabæ.

Fasteignanr.: 2222644. Eigendaskipti.


Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 24.06.2019.

Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

2.2 Stórás 4-6, Garðabær – niðurrif

Lögð fram umsókn Þorsteins Péturssonar, f.h. Work North ehf., kt. 521184-0869, dags. 26.06.2019, sótt er um leyfi til niðurrifs húseignar að Stórásí 4-6, Garðabæ. Fasteignanr: 2072336.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er samþykkt leyfi til niðurrifs frá 1. júlí til 1. september 2019.



Hafnarfjörður

2.3 Bæjarhraun 2, Hafnarfjörður - snyrtistofa

Lögð fram umsókn Írenu A. Pétursdóttur, f.h. Heilsan mín ehf., kt. 610519-0320 dags. 06.06.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði.

Fasteignanr.: 2074240. Um er að ræða nýja starfsemi.

Bréf var sent byggingafulltrúa dags. 06.06.2019 og kom jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 07.06.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.4 Fornubúðir 3, Hafnarfjörður - málmsmiðja

Lögð fram umsókn Árna B. Halldórssonar, f.h. Kambstáls ehf., kt. 411018-0160, dags. 03.06.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsmiðju að Fornubúðum 3 Hafnarfirði.

Fasteignanr.: 2074837. um að ræða nýja starfsemi.

Fyrir liggur minnisblað dags. 31.05.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa varðandi samþykktu notkun fasteignar dags. 11.06.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar.

2.5 Fornubúðir 8, Hafnarfjörður – Hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Eyrúnar Guðmundsdóttur f.h. Skuggafalls ehf. kt.420211-0740 þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Fornubúðum 8 í Hafnarfirði.

Fasteignanr.

Bréf sent byggingafulltrúa varðandi samþykktu notkun fasteignar dags. 29. 06.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar.

2.6 Hádegisskarð 1, Hafnarfjörður – grunnskóli

Lögð fram umsókn Ingibjargar Magnúsdóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 29.05.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs grunnskóla, Skarðshlíðarskóla, að Hádegisskarði 1, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2325265.

Um er ræða endurnýjun starfsleyfis þar sem nýr áfangi er tekin í notkun.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeaglugerða er samþykkt starfsleyfi til 2 ára.


2.7 Hádegisskarð 1, Hafnarfjörður – leikskóli

Lögð fram umsókn Berglindar Kristjánsdóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 04.06.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla, Skarðshlíðarleikskóli, að Hádegisskarði 1, Hafnarfirði. Fasteignanr.:2325265.

Um er að ræða nýja starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 1. júlí 2019.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeaglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.



2.8 Lónsbraut 2, Hafnarfjörður - málmsmiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Eiríks Péturssonar, f.h. Marax ehf., kt. 710805-1560, dags. 04.06.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsmiðju að Lónsbraut 2, Hafnarfirði. Húsnr: 010108, um er að ræða endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 04.06.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.9 Melabraut 21, Hafnarfjörður - vinnuvélaverkstæði

Lögð fram umsókn Unnars Hjaltasonar, f.h. VHE ehf., kt. 531295-2189, dags. 20.06.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs vinnuvélaverkstæðis að Melabraut 21, Hafnarfirði. Fasteignanr.2243359. Um er að ræða endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 18.06.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.10 Melabraut 22, Hafnarfjörður - álsmiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Unnars Hjaltasonar, f.h. VHE ehf., kt. 531295-2189, dags. 20.06.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs álsmiðaverkstæðis að Melabraut 22, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2077826 og 2311715. Um er að ræða endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 18.06.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.11 Melabraut 23, Hafnarfjörður - vélaverkstæði

Lögð fram umsókn Unnars Hjaltasonar, f.h. VHE ehf., kt. 531295-2189, dags. 20.06.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs vélaverkstæði að Melabraut 23, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2077827. Um er að ræða endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 18.06.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Melabraut 25, Hafnarfjörður - smurstöð / vélsmiðja

Lögð fram umsókn Unnars Hjaltasonar, f.h. VHE ehf., kt. 531295-2189, dags. 20.06.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs smurstöðvar og vélsmiðju að Melabraut 25, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2077833. Um er að ræða endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 18.06.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.13 Melabraut 27, Hafnarfjörður - renniverkstæði

Lögð fram umsókn Unnars Hjaltasonar, f.h. VHE ehf., kt. 531295-2189, dags. 20.06.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs renniverkstæðis að Melabraut 27, Hafnarfirði. Fasteignanr.:2294566. Um er að ræða endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 18.06.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

hnt
SMG
kttf
E

2.14 Norðurhella 8, Hafnarfjörður - bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Friðbjörns Yngva Leifssonar, f.h. Fyrr ehf., kt. 680618-0460, dags. 20.06.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Norðurhelli 8, Hafnarfirði. Húsnr: 01 0106

Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 19.06.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 20.06.2019. Jákvætt svar byggingafulltrúa dags. 1. júlí 2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.15 Skútahraun 2, Hafnarfjörður - vélaverkstæði

Lögð fram umsókn Unnars Hjaltasonar, f.h. VHE ehf., kt. 531295-2189, dags. 20.06.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs vélaverkstæðis að Skútahrauni 2, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2078845. Um er að ræða endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 18.06.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.16 Sólvangsvegur 2, Hafnarfjörður – hjúkrunarheimili

Lögð fram umsókn Höllu Thoroddsen, f.h. Sóltún öldrunarþjónusta ehf., kt. 650310-0710, dags. 26.06.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hjúkrunarheimilis að Sólvangsvegi 2, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2076502. um er að ræða breytingu á húsnæði og nýjan rekstraraðila. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 27.06.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeignugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.17 Staðarberg 2-4, Hafnarfjörður – samkomusalur

Lögð fram umsókn Hannesar Siggasonar, f.h. Húsfélags IOOF., kt. 620193-2599, dags. 28.05.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomusalar að Staðarbergi 2-4, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2228354. Um er að ræða endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 13.06.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeignugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára.


Kópavogur

2.18 Askalind 5, Kópavogur – vatnsveita

Lögð fram umsókn Birkir Rútsson, f.h. Kópavogsbæjar., kt. 700169-3759, dags. 03.06.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs Vatnsveitu Kópavogs að Askalind 5, Kópavogi. Vatnsveita – vatnsból fyrir 30-50.000 íbúa.

Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða neysluvatns-, matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt á innra eftirliti samkvæmt matvælalögum verði fullnægjandi.



2.19 Auðbrekka 25-27, Kópavogur – bónstöð

Lögð fram að nýju umsókn Árna Khanh, f.h. KK Bónstöð slf., kt. 590219-2150, dags. 27.05.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bónstöðvar að Auðbrekku 25-27, Kópavogi.

Ný starfsemi. Fasteignanr.: 2058744.

Fyrir liggur minnisblað heilbrigðisfulltrúa 27. 06.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 27.05.2019. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 11.06.2019.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á athafna- og þróunarsvæði.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.20 Bæjarlind 12, Kópavogur – tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Ernu Bjargar Sigurðardóttur, f.h. Ortho slf., kt. 570212-0360, dags. 05.06.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Bæjarlind 12, Kópavogi.

Fasteignanr.: 224-6298. um er að ræða nýja starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 24.06.2019.

Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.21 Funaholt 8 og 9, Kópavogur – niðurrif

Lögð fram umsókn Birkis Rútssonar, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 06.06.2019, sótt er um leyfi til niðurrifs hesthúsa að Funaholti 8. Fasteignanr: F206058, og Funaholti 9, Fasteignanr: F2275297, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit staðfestir Heilbrigðisnefnd leyfi til niðurrifs til 20.08.2019 að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.22 Hamraborg 1, Kópavogur – snyrtistofa varanleg förðun

Lögð fram umsókn Ingu Birnu Dungal, kt. 131280-5059, dags. 14.06.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu með augnháralengingar og tattoo augabrúnir að Hamraborg 1, Kópavogi. Fasteignanr.: 2061188, um er að ræða nýja starfsemi.

Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er útgáfa starfsleyfis frestað þar til úrbætur og athugasemdum heilbrigðisfulltrúa er fullnægt.

2.23 Hamraborg 1, Kópavogur – snyrtistofa

Lögð fram umsókn Gígju Skúladóttur, kt. 050384-2849, dags. 14.06.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu með gel ísprautun – varafyllingar o.fl. að Hamraborg 1, Kópavogi.

Fasteignanr.: 2061188. Um er að ræða nýja starfsemi.


Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er útgáfa starfsleyfis frestað þar til úrbætur og athugasemdum heilbrigðisfulltrúa er fullnægt.

2.24 Hlíðasmári 9, Kópavogur – hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Svövu Guðmannsdóttur, f.h. Hárstofan Xit ehf., kt. 660299-2039, dags.

19.06.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu. að Hlíðasmára 9, Kópavogi.

Fasteignanr.: 2236266, um er að ræða endurnýjun.



Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.25 Kársnesbraut 88, Kópavogur – málmsmíðaverkstæði

Lögð fram umsókn Kristins Nikulássonar, f.h. KN vélsmiðju ehf., kt. 440602-2820, dags. 12.06.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsmíðaverkstæðis að Kársnesbraut 88, Kópavogi. Fasteignanr.: 2315166. Um er að ræða endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 22.05.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.26 Skemmuvegur 34, Kópavogur – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Sigurjóns Harðarsonar f.h. Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf., kt. 630680-0509, dags. 24.06.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Skemmuvegi 34, Kópavogi. Um er að ræða endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 24.06.2019..

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.27 Smiðjuvegur 4a, Kópavogur – vélaverkstæði

Lögð fram umsókn Guðjóns R. Jónssonar, f.h. Vélaverkstæðis Guðjóns ehf., kt. 690502-2240, dags. 27.05.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vélaverkstæðis að Smiðjuvegi 4a, Kópavogi. Húshluti: 010207, um er að ræða endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 27.05.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.28 Smiðjuvegur 4a, Kópavogur – hundasnyrting

Lögð fram umsókn Gísla Hrafns Þórarinssonar, kt. 270980-6279 f.h. Hundahúsið, dags. 25.06.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hundasnyrtistofu að Smiðjuvegi 4a, Kópavogi. Um er að ræða nýja starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.29 Smiðjuvegur 4c-4d, Kópavogur – blikksmiðja

Lögð fram umsókn Sævars Kristjánssonar, f.h. Hagblikk ehf., kt. 611077-0179, dags. 06.06.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs blikksmiðju að Smiðjuvegi 4c-4d, Kópavogi. Um er að ræða endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 27.05.2019.


Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.30 Smiðjuvegur 60, Kópavogur – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Guðmundar V. Ólafssonar, f.h. Bílhúsið ehf., kt. 620803-2270, dags. 25.06.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Smiðjuvegi 60, Kópavogi. Fasteignanr.: 2065379. Um er að ræða endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 25.06.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Handwritten signatures and initials in black ink, including a large signature that appears to be 'SMG' and several other initials.

2.31 Vatnsendablettur 197, Kópavogur – niðurrif

Lögð fram umsókn Birkis Rútssonar, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 06.06.2019, sótt er um leyfi til niðurrifs geymslu að Vatnsendabletti 197, Kópavogi. Fasteignanr: 2329505. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit staðfestir heilbrigðisnefnd leyfi til niðurrifs til 20.08.2019.

3 Umsagnir

Garðabær

3.1 Urriðavellir, Garðabær – veitingarstaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 03.06.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Viktors Ö. Andréssonar, f.h. Lux Veitingar ehf., kt. 521218-1260, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað, samkvæmt flokki II, að Urriðavatnsdölum, Garðabæ. Eftirlitsskýrsla dags. 21.05.2019.

Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 29.04.2019.

Hafnarfjörður

3.2 Bæjarhraun 26, Hafnarfjörður – veitingarstaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 03.06.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Gítana Cicinskiené, f.h. 221 ehf., kt. 500310-1030, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað, samkvæmt flokki III, að Bæjarhrauni 26, Hafnarfirði.

Starfsleyfi var samþykkt í heilbrigðisnefnd 29.04.2019 með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa. Vakin er athygli á að starfsleyfi hefur ekki verið gefið út og því ekki hægt að gefa út umsögn til sýslumanns fyrr en að lokinni þeirri úttekt.

3.3 Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður – veitingarstaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 07.06.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Guðmundar B. Harðarsonar, f.h. RIF Restaurant ehf., kt. 610119-2040, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað, samkvæmt flokki II, að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 27.05.2019.

Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 27.05.2019.

3.4 Kaplakriki, Hafnarfjörður – samkoma, Tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu móttakið dags. 22.05.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn fyrir Fimleikafélag Hafnarfjarðar, kt. 540169-2769, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu á Kaplakrika þann 10.06.2019 frá kl. 18.00 – 23.15. Gestafjöldi 3300. Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

3.5 Víðistaðatún, Hafnarfjörður – Víkingahátíð, Tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu móttakið dags. 22.05.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn fyrir Öldur ehf., kt. 510417-0380, þar sem sótt er um leyfi fyrir

samkomu á Víðistaðatúni frá 12.06.2019 – 18.06.2019 frá kl. 18.00 – 01.00 alla dagana. Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

Kópavogur

3.6 Hamraborg 7, Kópavogur – gistiheimili, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 21.05.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn fyrir Eldsalir ehf., kt. 491117-1840, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað, breyting á gestafjölda, samkvæmt flokki II, að Hamraborg 7, Kópavogi. Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 29.01.2018.

4 Tóbaksleyfi

4.1 Smiðjuvegur 2, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Ísborg verslana ehf., kt. 550818-2050, dags. 14.06.2019 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Super1, Smiðjuvegi 2, Kópavogi. Heilbrigðisnefnd staðfestir leyfisveitinguna.

Tilkynningar

4.2 Borgarholtsbraut, Kópavogur – sælgæti og gosdrykkir.

Lögð fram umsókn f.h. Dansíþróttafélag Kópavogs kt. 410201-3130, dags. 12.06.2019, þar sem sótt er um leyfi til sælgætissölu o.fl. í fjáröflunarskyni þann 17. júní n.k. milli kl. 10-22.30 á Rútstúni við Borgarholtsbraut, Kópavogi. Tilkynningin er móttækin.

4.3 Borgarholtsbraut, Kópavogur – sælgæti og gosdrykkir.

Lögð fram umsókn f.h. Knattspyrnudeildar Breiðabliks kt. 410284-1389, dags. 12.06.2019, þar sem sótt er um leyfi til sælgætissölu o.fl. í fjáröflunarskyni þann 17. júní n.k. milli kl. 10-22.30 á Rútstúni við Borgarholtsbraut, Kópavogi. Tilkynningin er móttækin.

4.4 Borgarholtsbraut, Kópavogur – sælgæti og gosdrykkir.


Lögð fram umsókn f.h. Handknattleiksdeildar HK kt. 630981-0269, dags. 12.06.2019, þar sem sótt er um leyfi til sælgætissölu o.fl. í fjáröflunarskyni þann 17. júní n.k. milli kl. 10-22.30 á Rútstúni við Borgarholtsbraut, Kópavogi. Tilkynningin er móttækin.

4.5 Við Menningarhús, Kópavogur – kaffi og kaffimeðlæti.

Lögð fram umsókn f.h. Pure Deli kt. 501017-1080, dags. 12.06.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir sölubás við Gerðasafn, Kópavogi þann 17. júní n.k. Veitingar verða undirbúnar í eldhúsi Pure Deli. Tilkynningin er móttækin.

5 Önnur mál

5.1. Fundargerð Samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu.




Lögð fram fundargerð Samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu þar sem fjallað var um skýrslu ÍSOR um grunnvatnslíkan Vatnaskila og lagðar fram tillögur um grunnvatnslíkan. Fundargerð og tillaga Samráðshópsins lögð fram ásamt minnisblaði HHK. Heilbrigðisnefnd skorar á SSH að samþykkja rannsóknaráætlun vegna vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins og stuðla þannig að frekari þekkingu á svæðinu.

5.2. Óásættanleg umgengni við sumarhúsalóðir við Elliðavatn. Bréf til Sýslumanns sem fer með forræði á svæðinu. Heilbrigðiseftirlitið fer fram á að þegar í stað verði hafist handa við hreinsun á svæðinu. Ekki hefur borist svar frá Sýslumanni, en heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir.

5.3. Lagt fram erindi frá Nature Resort ehf. þar sem óskað er eftir upplýsingum um það hvernig Heilbrigðiseftirlitið flokki afþreyingarlaug félagsins sem stendur til að byggja vestast á Kársnesinu.

Með hliðsjón af þeim gögnum og upplýsingum sem liggja fyrir er það mat heilbrigðisnefndar að afþreyingarlaug félagsins falli í 1. flokk samkvæmt reglugerð nr.460/2015 m.s.b. um baðstaði í náttúrunni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.



Jón Haukur Ingvason



Sigurður Grétarsson


Ingibjörg Hauksdóttir



Linda Hrönn Þórisdóttir



Sævar Gíslason



Gnýr Guðmundsson



Stjórn SSH 472. fundur

Mánudaginn 1. júlí 2019, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Rósa Guðbjartsdóttir formaður, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Karl M. Kristjánsson og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Karl M. Kristjánsson vék af fundi 13:40.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Undirbúningur Borgarlínu /málsnr. 1903002

Þannan lið situr Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri. Framkvæmdastjóri og svæðisskipulagsstjóri fóru yfir helstu verkefni sem í undirbúningi eru og unnið er að. Verkefnastofa Borgarlínu og umsýsla verkefnisins er nú að taka á sig mynd í samræmi við samning sveitarfélaganna um undirbúning Borgarlínu annars vegar og samning SSH og Vegagerðar hins vegar.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn mun áfram fylgjast með gangi verkefnisins en staða verkefnisins verður fastur liður á dagskrá stjórnar meðan verkefninu fleytir fram.

2. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu - aðgerðir og verkefni framundan /málsnr. 1904002

Farið yfir stöðu mála er varðar viðræður SSH og Ríkisins um samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Viðræður við ríkið halda áfram og mun stjórnin fylgjast með gangi mála.

3. Húsnæðismál Hamraborg 9

Málið var áður á dagskrá fundar 3.júní sl. en fyrirhugaðar eru breytingar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9. Fyrir liggja drög að nýjum leigusamningi við fasteignafélagið Eik (LF11 ehf), en framkvæmdastjóri hefur átt í samningaviðræðum við félagið um nýjan leigusamning. Nýr leigusamningur er til 10 ára en með uppsagnarákvæði eftir 5.ár. Fyrir liggur minnisblað framkvæmdastjóra til stjórnar vegna málsins.

Einnig liggur fyrir minnisblað frá framkvæmdastjóra er varðar endurnýjun á skrifstofuhúsgögnum og innbúi og tengjast breytingum á húsnæðinu.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir drög að nýjum leigusamningi vegna Hamraborgar 9 og felur framkvæmdastjóra undirritun hans. Þá samþykkir stjórn þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á skrifstofurýminu ásamt endurnýjun og uppsetningu búnaðar eins og fram kemur í minnisblaði framkvæmdastjóra.



4. Fjárhagsleg umsýsla á skrifstofu SSH.

Fyrir liggur minnisblað framkvæmdastjóra er varðar fjárhagslega umsýslu á skrifstofu SSH, fyrirkomulag og verkaskiptingu. Farið hefur verið yfir málin með endurskoðendum félagsins (KPMG) eins og fram kemur í minnisblaði. Fyrir liggur tillaga um að Söndru Björgvinsdóttur starfsmanni á skrifstofu SSH verði veitt prókúru til greiðslu reikninga af bankareikningum SSH.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að Söndru Björgvinsdóttur, starfsmanni á skrifstofu SSH verði veitt umboð og úttektarheimild á tilgreindum reikningum félagsins sem og aðgangsheimildir í gegnum netbanka. Eru eyðublöð vegna málsins undirrituð af stjórn á fundinum.

5. Sóknaráætlun 2020 – 2024

Áframhaldandi umræða frá síðasta stjórnarfundum um Sóknaráætlanir landshluta og drög að samningi um Sóknaráætlun 2020-2024. Farið yfir hugmyndir og umgjörð fyrir sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra undirbúning að gerð sóknaráætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið og leggja fyrir næsta stjórnarfund sem haldinn verður í ágúst.

6. Ferðavenjukönnun /málsnr. 1903002

Áframhaldandi umræða stjórnar frá síðasta stjórnarfundum um hugmyndir Samgönguráðs um að vinna ferðavenjukönnun fyrir allt landið með sambærilegum hætti og gert hefur verið á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár. Stjórn hefur tekið vel í erindið en fól framkvæmdastjóra í samráði við Svæðisskipulagsstjóra að leggja endanlega tillögu fyrir næsta stjórnarfund. Fyrir liggur minnisblað frá Hrafnkatli Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóra er málið varðar frá síðasta fundi stjórnar. Þá er áætlað að hlutur SSH í verkefninu verði um 2,4-2,8 millj. kr. Þá liggur fyrir að aðilar samgönguráðs munu tilnefna aðila til þess að vinna við undirbúning könnunar með verkefnisstjóra ráðsins. Könnunin taki til allra samgöngumáta, innan byggða og milli þeirra. Strætó b.s hefur samþykkt að vera aðili að verkefninu með SSH.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu sem fjármagnað verður að hálfu með Strætó b.s. Svæðisskipulagsstjóri í samráði við Strætó b.s. komi að undirbúningi könnunarinnar með Samgönguráði. Þá leiði samstarfið af sér framtíðar fyrirkomulag ferðavenjukannana, lægri kostnað og aukid samstarf við ríkið um aðgerðir sem stuðli að markmiðum sveitarfélaga um þróun ferðamáta.

7. Nýtt starfsheiti leiðsagnarkennara

Fyrir liggur bréf frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga frá 19.júní 2019 er varðar upplýsingar til sveitarfélaga um nýtt starfsheiti leiðsagnarkennara.

Þennan fundarlið sat Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs hjá Garðabæ.

Umræður.

Niðurstaða fundar:



Lagt fram og kynnt.

8. Erindi frá Samgöngufélaginu – hófleg gjaldtaka til að draga úr notkun negldara hjólbarða.

Fyrir liggur erindi frá Samgöngufélaginu frá 31.maí 2019 en þar eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hvött til þess að taka afstöðu til málefnisins með það að markmiði að draga úr notkun nagladekkja á höfuðborgarsvæðinu. Þá er vakin athygli á skóðanakönnun sem Gallup vann fyrir Samgöngufélagið.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram og kynnt.

9. Vöktunaráætlun vegna uppbyggingar á skíðasvæðum.

Þennan lið situr Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri en fyrir liggur tillaga um vöktunaráætlun vegna uppbyggingu skíðasvæða í Bláfjöllum.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Fundarliðnum er frestað þangað til fyrirhugðum fundi með Veitum hefur farið fram.

10. Samráðsvettvangur sveitarfélaganna um heimsmarkmiðin og loftslagsmál.

Stofnaður hefur verið samráðsvettvangur sveitarfélaganna um heimsmarkmiðin og loftslagsmál og hefur stofnfundur farið fram. Fyrir liggur bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 26.júní sl. ásamt samþykkt og fundargerð frá stofnfundinum 19.júní 2019.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn SSH fagnar því frumkvæði sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið með stofnun samráðsvettvangs, sem ætlaður er sveitarfélögum landsins til samstarfs og samráðs um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Stjórn SSH telur brýnt að ríki og sveitarfélög grípi nú þegar til markvissra og samstilltra aðgerða til að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála og aðlaga íslenskt samfélag að þeim breytingum sem þegar hafa átt sér stað og fyrirséðar eru vegna loftslagsbreytinga. Einn mikilvægasti liðurinn í því aðkallandi starfi er að íslenskt samfélag verði lagað að kröfum sjálfbærrar þróunar. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt gagnlegan grunn að slíku starfi með heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun.

Stjórn SSH lýsir sig tilbúna til þátttöku í samráðsvettvanginum með þátttöku í fundum og viðburðum um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Á sínum vettvangi mun stjórn SSH beita sér fyrir markvissum aðgerðum og stefnumótun í átt til aukinnar sjálfbærni og kolefnishlutleysis. Fulltrúar sveitarfélagsins munu einnig, eftir því sem tilefni er til og aðstæður leyfa, taka þátt í miðlun þekkingar, þróun mælinga á árangri og öðru samstarfi sem tengist samráðsvettvanginum.

Stjórn samþykkir að tilnefna framkvæmdastjóra SSH sem tengilið SSH við samráðsvettvanginn.

11. Upplýsingavettvangur húsnæðismála á Íslandi

Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur óskað eftir fulltrúa frá SSH í vinnu er tengist upplýsingavettvangi húsnæðismála á Íslandi, tillögu 36 „ Húsnæðisáætlanir og sameiginlegar þarfagreiningar“.



Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn tilnefnir framkvæmdastjóra sem fulltrúa sinn í ofangreindri vinnu.

12. Boðun Sambands íslenskra sveitarfélaga til auka landsþings.

Lagt fram til umræðu og kynningar bréf Sambands Íslenskra Sveitarfélaga frá 11.júní 2019 en þar er boðað til auka landsþings 6.september 2019.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Bréf Sambandsins er lagt fram til kynningar.

13. Fundargerð SORPU frá 25.06.2019.

Lögð fram til umræðu og kynningar fundargerð SORPU frá 25.06. 2019, fundur nr.409.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Fundargerðin er lögð fram til kynningar. Eigendafundur mun fara fram föstudaginn 5.júlí 2019 kl: 12:15.

14. Fundargerð Sambands Íslenskra Sveitarfélaga frá 21.06.2019.

Lögð fram til umræðu og kynningar fundargerð Sambands Íslenskra Sveitarfélaga frá 21.06.2019, fundur nr. 872.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

15. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl: 14:00.

[Handwritten signatures and notes]

[Signature] *[Signature]*

[Signature] *[Signature]*

[Signature] *[Signature]*

[Signature] *[Signature]*



Fundargerð

89. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 21. júní 2019 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting:

Reykjavík:

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Kópavogsbær:

Helga Hauksdóttir

Bergljót Kristinsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Ólafur Ingi Tómasson

Bjarney Grendal Jóhannesdóttir

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson

Harpa Þorsteinsdóttir

Mosfellsbær:

Ásgeir Sveinsson

Seltjarnarnesbær:

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðisson

Sveinn Óskar Sveinsson, Ragnhildur Jónsdóttir og Þorleifur Örn Gunnarsson boðuðu forföll. Formaður, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir setti fund og stýrði.

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

1. Borgarlínan – undirbúningur fyrstu framkvæmda /málsnr. 1903002

Verkefnateymi á skrifstofu Borgarlínu þau Hrafnkell Á. Proppé frá SSH, Bryndís Friðriksdóttir frá Vegagerðinni og Lilja G. Karlsdóttir frá Reykjavíkurborg fóru yfir stöðu verkefnisins og greindu frá næstu skrefum verkefnisins.

Niðurstaða:

Kynning lögð fram.

2. Breyting á vaxtamörkum svæðisskipulags við Álfnes /málsnr. 1712001

Svæðisskipulagsnefnd samþykkti endanlega breytingartillögu þann 14. desember 2018. Í kjölfarið var óskað eftir samþykki aðildarsveitarfélaga. Niðurstaða liggur fyrir og var tillaga svæðisskipulagsnefndar samþykkt af:

Hreppsnefnd Kjósarhrepps þann 8. janúar 2019.

Bæjarstjórn Garðabæjar þann 17. janúar 2019.

Bæjarstjórn Kópavogs þann 22. janúar 2019.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 23. janúar 2019.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar þann 6. febrúar 2019.

Bæjarstjórn Seltjarnarness þann 27. mars 2019.

Borgarráði Reykjavíkur þann 6. júní 2019

Tillagan er nú í athugun hjá Skipulagsstofnun í samræmi við 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga. Gera má ráð fyrir að þeirri athugun verði lokið um eða eftir miðjan júlí. Í framhaldinu verður tillagan

auglýst að því gefnu að Skipulagsstofnun telji að tillagan fullnægi settum kröfum um svæðisskipulag.

*Niðurstaða:
Lagt fram til upplýsingar.*

3. Aðalskipulag Reykjavíkur: Sjómannaskólareitur og Veðurstofuhæð /málsnr. 1805002
Vinnslutillaga sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga til umsagnar.

Tillögurnar snúa að breytingu á tveimur landnotkunarreitum með það að markmiði að heimila aukna íbúðauppbyggingu. Annars vegar er það Sjómannaskólareiturinn sem nú er skilgreindur sem samfélagsþjónusta en verður að hluta íbúðabyggð með 150 íbúðum og að hluta opið svæði. Hins vegar er það Veðurstofuhæð sem nú er skilgreind sem samfélagsþjónusta en verður að hluta miðsvæði með 150-250 íbúðum og að hluta opið svæði.

Þessi svæði eru á skilgreindum samgöngu- og þróunarásum skv. svæðisskipulagi. Aukin uppbygging á þessum svæðum er jákvæði m.t.t. stefnu svæðisskipulag og mun valda minni umferð en væri uppbyggingin utan samgöngu- og þróunarása.

*Niðurstaða:
Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við tillöguna enda er hún í góðu samræmi við stefnu svæðisskipulagsins Höfuðborgarsvæðisins 2040 um aukna uppbyggingu á samgöngumiðuðum svæðum.*

4. Aðalskipulags Reykjavíkur: Korpulína /málsnr. 1905002
Skipulagslýsing til umsagnar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Fyrirhuguð skipulagsbreyting snýr að legu Korpulínu 1 (132kv) sem liggur milli tengivirkja á Geithálsi við Korpu. Áformað er að leggja jarðstreng og taka niður loftlínur og möstur.

Fyrirhuguð breyting samræmist vel stefnu svæðisskipulagsins um að horft verði til þess að flytja háspennulínur í jörðu. Línan liggur að hluta um Græna trefilinn sem skilgreindur er í svæðisskipulagi sem sameiginlegt útivistarsvæði. Það væri því eðlilegt að í umhverfismati tillögunar verði metin áhrif á útivist.

*Niðurstaða:
Svæðisskipulagsnefnd telur það mjög jákvætt að áformað sé að fara með Korpulínu 1 í jörðu. Nefndin minnir á að hluti leiðarinnar fer um Græna trefilinn sem er sameiginlegt útivistarsvæði og telur því eðlilegt að við umhverfismati tillögunar verði metin áhrif á útivist.*

5. Aðalskipulag Kópavogs: Traðarreitur austur /málsnr. 1905003
Skipulagslýsing til umsagnar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Fyrirhuguð breyting felst í að heimila enduruppbyggingu á svokölluðum „Traðarreit-austur“ fyrir fjölbýlishús. Reiturinn er um 0,8 he. að stærð. Þar eru nú 8 einbýlishúsalóðir en stefnt er að því að þar verði þróunarreitur fyrir þéttingu byggðar.

*Niðurstaða:
Svæðisskipulagsnefnd bendir á að umrætt svæði er innan samgöngu- og þróunaráss sem skilgreindur var nýverið með sérstakri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Með breytingunni var einnig sett fram ákvæði um uppbyggingu á þróunarásum sem sveitarfélögin þurfa að útfæra í aðalskipulagi.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:00

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

409. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu byggðasamlagsins, Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík þann 25.06.2019, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir og Kolbrún Þorsteinsdóttir. Bjarni Torfi Álfþórsson og Magnús Örn Guðmundsson boðuðu forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestur fundarins undir lið 1 var Sævar Kristinsson frá KPMG. Guðmundur Tryggvi Ólafsson rekstrarstjóri endurvinnslustöðvanna sat fundinn undir lið 6.

Tekið fyrir:

1. Stefnumótun stjórnar

Ráðgjafi KPMG fór yfir stöðu verkefnisins. Málið rætt. Gert ráð fyrir að stjórn hittist í ágúst til að klára stefnumótunina.

2. Fjármögnun tækjabúnaðar í móttökustöð

Kynnt greinargerð Mannvits um uppbyggingu tækjabúnaðar í stöðinni sem m.a. tengist vinnslu við gas- og jarðgerðarstöðina. Um er að ræða pokaopnara, málmaskiljur, færribönd, blásara og sigti ásamt uppsetningu búnaðarins í móttökustöð. Alls er áætlaður kostnaður 750 milljónir. Leitað var tilboða í fjármögnun verkefnisins og bárust tvö tilboð frá Íslandsbanka og Lykli. Málið rætt.

3. Bygging gas – og jarðgerðarstöðvar / stækkun móttökustöðvar í Gufunesi

Kynnt minnisblað um framvindu við byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar. Búið er að steypa um 69% af áætluðu steypumagni en verkefnið áætlast standa í 58%. Útlagður kostnaður vegna gas- og jarðgerðarstöðvar frá júlí 2018 er rétt tæpir 2 milljarðar. Stækkun móttökustöðvar er rétt byrjuð og hafa ekki komið reikningar frá verktaka ennþá. Málið rætt.

4. Niðurstaða úrskurðarnefndar um upplýsingamál í kærumáli ÍAV gegn SORPU og bréf ÍAV.

Kynnt niðurstaða Úrskurðarnefndar um upplýsingamál vegna kröfu ÍAV um aðgengi að tilteknum gögnum er varðar val á verktaka við byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar. Sömu leiðis kynnt bréf ÍAV dagsett 21. júní 2019 vegna innkaupaferils. Jafnframt lögð

Birkir Jón Jónsson T377
Jóna Sæmundsdóttir *Ágúst Bjarni Garðarsson*

fram umfjöllun embættis borgarlögmans um málefnið. Máli rætt. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram með embætti borgarlögmans.

5. Lyktarmál í Álfsnesi

Framkvæmdastjóri kynnir fjölda kvartana vegna lyktarmengunar frá Álfsnesi. Jafnframt farið yfir verklag og þá áherslu sem SORPA hefur lagt á verkefnið. Málið rætt. Stjórn brýnir starfsmenn til að halda vöku sinni og vinna að því öllum árum að ástandið batni.

6. Aðstaða/fyrirkomulag á endurvinnslustöðinni á Dalvegi

Lagt fram minnisblað rekstrarstjóra endurvinnslustöðvanna viðbrögð við slyshættu þegar gámar eru fjarlægðir á opnunartíma sbr. umræður á síðasta fundi. Lagt er til að þar sem komið er fram yfir helsta álagstíma sé leigð grafa til að þjappa í þá gáma sem helst er þörf á um helgar að séu ekki hreyfðir um helgar.

7. Breyting á gjaldskrá 1. júlí n.k.

Framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri kynna breytingu á almennri gjaldskrá 1. júlí nk. Gjaldskrárhækkun er 1,24% vegna breytinga á vísitölu frá áramótum. Gjaldskrá endurvinnslustöðvanna breytist þannig að almennt gjald fyrir rúmmeter er 6.300 kr. og fyrir úrgang til urðunar er 8.300 kr.

8. Starfsleyfi urðunarstaðar í Álfsnesi

Framkvæmdastjóri kynnir að Umhverfisstofnun hefur gefið út nýtt starfsleyfi fyrir urðun í Álfsnesi en staðurinn hefur verið rekinn á undanþágu undanfarin misseri. Starfsleyfi fyrir urðun gildir til 31.12.2020 en almennt gildir starfsleyfið til 23.05.2035.

9. Eigendafundur.

Stjórn SORPU bs. óskar hér með eftir því við eigendur að haldinn verði eigendafundur sem allra fyrst þar sem fjallað verði um eftirfarandi málefni:

Förgungarmál höfuðborgarsvæðisins.

Sameining Kólku og SORPU bs.

Notkun sveitarfélaganna á metani.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn þann 3. júlí kl. 11:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 09:26.

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Bilur Jón Jónsson
Guðrún Eva Jóhannesdóttir
Jóna Björnsdóttir
Kolbrún G. Pósthólfsson
Jóna Jóhannesdóttir
Guðrún Eva Jóhannesdóttir
Þorsteinn Halldórsson

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

410. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu byggðasamlagsins, Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík þann 19.07.2019, kl.11:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson (í síma), Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Kaup á tækjum í móttökustöð

Kynnt fyrirhuguð kaup á færriböndum í móttökustöð en ekki er gert ráð fyrir þessum tækjakaupum í samþykktri fjárfestingaráætlun frá því í október 2018. Búnaðurinn er nauðsynlegur fyrir forvinnslu úrgangs í gas- og jarðgerðarstöðina. Fyrir liggur tilboð upp á rúmar 45 milljónir. Málið rætt. Framkvæmdastjóra heimilað að ganga frá pöntun á búnaðinum. Kaupin á færriböndunum munu ekki hafa áhrif á fjárhagsstöðu SORPU hvorki í bráð eða lengd. SORPA getur fjármagnað þessi einstöku kaup án utanaðkomandi fjármögunar. Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að leggja fyrir stjórn á næsta fundi endurskoða fjárfestingaráætlun ásamt áhættugreiningu á kostnaði við eftirstöðvar byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar.

2. Ársskýrsla SORPU árið 2018.


Ársskýrsla SORPU fyrir árið 2018 afhent.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn þann 14. ágúst kl. 07:30

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 12:15

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir



FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

306. fundur

Föstudagur 21. júní 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Helga Ingólfssdóttir (HI), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ) og Karen Halldórsdóttir (KH).

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir (ÁP), sviðsstjóri fjármála og rekstrar sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Vagnakaupa
2. Fargjaldastefna
3. Stefnumótun
4. Leiðanet
5. Vinnsla persónuupplýsinga
6. Endurskoðunarnefnd Strætó
7. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Vagnakaupa

Á fundi stjórnar 4. júní sl. var samþykkt að hafna fyrirbyggjandi tilboði sem barst í kjölfar útboðs nr. 14403 um kaup Strætó á vetnisvögnum. Í framhaldi af því óskaði stjórn eftir að lögð yrði fram endurskoðuð endurnýjunaráætlun vagna í ljósi stöðunnar.

Framkvæmdastjóri Strætó fór yfir stöðuna á vagnafloata Strætó, þar sem fram kom að 28 vagnar af 86 vögnum í daglegri notkun í eigin akstri Strætó eru 12 ára og eldri og eru því í raun komnir fram yfir eðlilegan líftíma. Samhliða hækkun á meðalaldri vagnafloata Strætó má gera ráð fyrir hækkun á rekstrarkostnaði vagna.

Stjórn samþykkir að heimila framkvæmdastjóra að ganga frá kaupum á allt að 2 notuðum vögnum á árinu 2019 að því skilyrði uppfylltu að verðið fari ekki yfir þá upphæð sem Strætó er heimilt að kaupa fyrir án undangengis útboðs.

Stjórn óskar eftir að fengin verði utan að komandi ráðgjafi til gera greiningu á mismunandi orkugjöfum vagna þar sem meðal annars komi fram reynsla, hagkvæmni og heildar líftímakostnaður. Óskað er eftir að greiningin liggja fyrir í ágúst.

2. Fargjaldastefna

Á fundi stjórnar 22. febrúar sl. var skipaður vinnuhópur til að vinna drög að nýrri fargjaldastefnu, hópurinn hefur fundað einu sinni.

Fyrir fundinum liggja drög að forsendum nýrrar fargjaldastefnu.

Stjórn samþykkir að haldið verði áfram með þessa vinnu og að næsti fundur vinnuhópsins verði í ágúst.

3. Stefnumótun

Framkvæmdastjóri fór yfir vinnu sem hefur átt sér stað í tengslum við stefnumótun Strætó frá því samþykkt var að fara í gang með vinnu við stefnumótun. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri hafa undanfarið fundað með borgar- og bæjarstjórnnum í þeim sveitarfélögum sem standa að Strætó og kynnt helstu niðurstöður stefnumótunarvinnuna og munu halda þeim kynningum áfram þangað til öll sveitarfélögin hafa verið heimsótt.

Fyrir fundinum liggja drög að 90 daga stefnumótunar aðgerðaáætlun, sem stjórn samþykkir að unnið verði áfram með.

4. Leiðanet

Ragnheiður Einarsdóttir, sérfræðingur á skipulagssviði Strætó fór yfir tillögur að breytingu á leið 5 til að leysa að hluta til vandræði á leið 5 vegna umferðatafa á háannatíma frá Nauthól að BSÍ.

Lagt er til að skipta leið 5 upp í tvær leiðir á virkum dögum frá og með haustinu 2019, þ.e. leið 5 myndi þá aka hefðbundna leið úr Norðlingaholt/Árbæ en enda á BSÍ og ný leið, leið 8 myndi aka frá BSÍ að Nauthól.

Tillagan rædd og ákvörðun frestað til næsta fundar.

5. Vinnsla persónuupplýsinga

Fyrir fundinum liggur minnisblað um hlutverk og skyldur Strætó bs. við vinnslu persónuupplýsinga í akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Sigurður Már Eggertsson, persónufulltrúi Strætó kom á fundinn og fór yfir minnisblaðið.

Stjórn samþykkir að veita framkvæmdastjóra í samstarfi við persónuverndarfulltrúa Strætó að leita eftir ráðgefandi áliti frá Innri endurskoðun Reykjavíkur er varðar ábyrgð Strætó á persónuupplýsingum í akstursþjónustu fatlaðs fólks.

6. Endurskoðunarnefnd Strætó

Sigrún Guðmundsdóttir fulltrúi í endurskoðunarnefnd Strætó kom á fundinn og fór yfir vinnu nefndarinnar í tengslum við vinnu innri endurskoðenda Strætó fyrir árið 2019.

7. Önnur mál

- a) Markaðsverkefni með Meniga og Íslandsbanka kynnt fyrir stjórn.
- b) Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Flokki fólksins í borgaráði dagsett 06.06.2019 lögð fram. Framkvæmdastjóra falið að svara fyrirspurninni í samræmi við umræður á fundinum.

Fylgiskjöl:

- Fyrirspurn frá borgarfulltrúa Flokki fólksins, dags. 06.06.2019.

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Helga Ingólfssdóttir

Karen Halldórsdóttir

Ásgeir Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

BORGARRÁÐ 6. júní 2019: Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kvartanir sem kunna að hafa borist Strætó bs. frá notendum þjónustunnar - R19050011

BORGARRÁÐ 6. júní 2019: Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kvartanir sem kunna að hafa borist Strætó bs. frá notendum þjónustunnar - R19050011

Í framhaldi af svari Strætó bs. um fjölda kvartana óskar borgarfulltrúi eftir að fá nánari sundurliðun á þessum ábendingum til þriggja ára og upplýsingar um hvort farið hefur verið ofan í saumana á þeim með það að markmiði að fækka þeim. Um þetta er spurt vegna þess að ábendingum fjölgar aftur árið 2018 frá árinu 2017. Það er sérkennilegt í ljósi þess að í svari frá Strætó kemur fram að unnið sé markvisst með ábendingar og er ábyrgðaraðili settur á hverja ábendingu sem tryggir að úrvinnsla hennar eigi sér stað? Loks er óskað upplýsinga um hve margar af þessum ábendingum leiði til verulegra úrbóta.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

307. fundur

Miðvikudaginn 26. júní 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Ráðhúsi Garðabæjar og hófst hann kl. 8:00.

Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Helga Ingólfssdóttir (HI), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ) og Karen Halldórsdóttir (KH).

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

- 1) Leiðanetsmál – leið 5
- 2) Önnur mál
 - a) Kjarasamningar
 - b) Nýtt leiðanet

Tekið fyrir:

1. Leiðanetsmál – leið 5

Áframhaldandi umræða um breytingar á leið 5 en tillögunum er ætlað að leysa að hluta vandræði á leiði 5 vegna umferðatafa á háannatíma frá Nauthól að BSÍ.

Lagt er til að skipta leið 5 upp í tvær leiðir á virkum dögum frá og með haustinu 2019, þ.e. leið 5 myndi þá aka hefðbundna leið úr Norðlingaholti/Árbæ en enda á BSÍ og ný leið, leið 8 myndi aka frá BSÍ að Nauthól. Kostnaður er áætlaður um 7 milljónir króna fyrir árið 2019 og samþykkir stjórn breytinguna enda er hún innan fjárhagsramma ársins. Samþykktin tekur til ársins 2019.

Jafnframt óskar stjórn eftir því að rýnt verði með Háskólanum í Reykjavík, Reykjavíkurborg og öðrum hagaðilum á svæðinu hvernig hægt sé að leysa umferðartafirnar til framtíðar með öðrum mótvægisáðgerðum.

2. Önnur mál.

- a. Framkvæmdastjóra veitt heimild að ganga frá samkomulagi við stéttarfélag um friðarskyldu til 30. september 2019 en stefnt er að því að ljúka gerð kjarasamnings fyrir þann tíma.
- b. Umræður um stöðu á vinnu faghóps við nýtt leiðanet, stjórn óskar eftir að staðan verði kynnt fyrir stjórn í haust.

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Helga Ingólfssdóttir

Karen Halldórsdóttir

Ásgeir Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Ráðning jafnréttisfulltrúa Garðabæjar
Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir

Bæjarstjórn samþykkir að ráða í stöðu jafnréttisfulltrúa.

Greinargerð

Jafnréttismál snerta alla þætti stjórnsýslunnar og er því málaflokkur sem varðar alla starfsemi sveitarfélagsins. Til þess að gera betur, ná markvissri eftirfylgni með aðgerðaráætlunum er varða hin ýmsu jafnréttismál er þarft að hafa sérfræðing á því sviði til að fylgja málum eftir og styðja við aðra stjórnendur sem leiða starf bæjarfélagsins.

Tillaga Garðabæjarlistans um endurskoðun jafnréttisáætlunar Garðabæjar Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir

Bæjarstjórn samþykkir að við endurskoðun jafnréttisáætlunar Garðabæjar verði sérstaklega gerð grein fyrir jafnréttisáherslum er varða alla hópa þ.e.a.s. uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Einnig samþykkir bæjarstjórn að hefja vinnu við kynjaða fjárhags- og starfsáætlun til að vinna að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í sínu starfi. Gert er jafnréttismat á tillögum sem lagðar eru fyrir vegna fjárhagsáætlunar og lögð er áhersla á að bæta söfnun kyngreindra gagna. Ennfremur samþykkir bæjarstjórn að unnin verði jafnréttisstefna og með henni fylgi sérstök jafnréttisáætlun þar sem hlutverk og ábyrgð innan stjórnsýslunnar eru skilgreind og verkefni sett upp í tímalínu.

Bæjarstjórn samþykkir að Jafnréttissáttmáli Evrópu verði undirritaður og tryggja þannig aðferðir til að ná jafnrétti á öllum stigum með samþættingu kynjasjónarmiða á öllum stigum og sviðum og mati á áhrifum stefnumótunar og ákvörðunartöku á kyn. Undirritun felur í sér pólitíska viljayfirlýsingu um að vinna að framgangi jafnréttismála í samræmi við sáttmálann.

Greinargerð

Í ljósi þess að jafnréttisáætlun Garðabæjar hefur verið vísað til fjölskylduráðs til endurskoðunar leggur Garðabæjarlistinn fram tillögu um ákveðnar breytingar til þess að skerpa á jafnréttimálum almennt. Breytingar sem fela í sér undirritun Jafnréttissáttmála Evrópu til þess að tryggja enn frekar skýran ramma utan um innleiðingu jafnréttis á öllum stigum. Jafnframt teljum við í Garðabæjarlistanum enn frekara tilefni til undurritunar þar sem jafnréttis- og mannréttindanefnd var lögð niður af meirihlutanum við upphaf kjörtímabilsins.

Í ljósi sögunnar hefur það sýnt sig að það skiptir máli til að ná árangri að fókusinn sé skýr og verkferlar fyrir hendi þegar jafna á hlut kynja á hvaða stigi stjórnsýslunnar sem er. Því leggur Garðabæjarlistinn einnig til að við endurskoðun verði unnin jafnréttisstefna Garðabæjar og henni fylgi jafnréttisáætlun þar sem verkefni eru skilgreind sett í tímalínu og merkt ábyrðaraðilum innan stjórnsýslunnar og samhliða verði ráðinn jafnréttisfulltrúi fyrir sveitarfélagið.

Um hlutverk Evrópusáttmálans segir:

“Sáttmálinn spannar öll svið sveitarfélaga frá félagsþjónustu til skipulagsmála. Hann býður upp á aðferðir fyrir sveitarfélög til að ná fram jafnrétti í reynd. Lögð er áhersla á samþættingu kynjasjónarmiða á öllum stigum og sviðum og mati á áhrifum stefnumótunar og ákvörðunartöku á hvort kynið fyrir sig. Tryggja á jafnan aðgang kynjanna að ákvörðunartöku og þjónustu sem taki mið af þörfum bæði karla og kvenna. Mælt er fyrir um aðgerðir gegn staðalímyndum og fræðslu til starfsfólks. Taka á sérstaklega á margfaldri mismunun, sem fyrir utan kyn getur átt rót sína að rekja til kynþáttar, kynhneigðar, aldurs o.fl. Sveitarfélög skulu beita sér fyrir því að samstarfsaðilar þeirra virði jafnréttissjónarmið, svo sem í samningum um kaup á vörum og þjónustu og í samstarfssamningum við félagasamtök.”

Tillaga:

Í framhaldi af þarfa- og kostgæfnigreiningu fyrir verslunar- og þjónustusvæði í Vetrarmýri samþykkir bæjarstjórn Garðabæjar að fela bæjarstjóra að ganga til samninga við fasteignaþróunarfélagið Spildu ehf. um aðstoð við gerð tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar í samvinnu við skipulagsnefnd Garðabæjar og arkitektastofuna Batteríið sem vinnur að gerð deiliskipulags svæðisins.

Ráðgjöf Spildu nær m.a. til eftirtalinna þátta:

- Umsjón með gerð deiliskipulags í Vetrarmýri í samræmi við hugmyndir og áherslur sem kynntar voru á fundi bæjarráðs 18. júní 2019. Meginmarkmiðið er að halda þeirri skýru sýn og stefnu sem mörkuð er í niðurstöðum þarfa- og kostgæfnigreiningar og tryggja að deiliskipulagið færi bænum þau gæði sem sóst er eftir.
- Rýni skipulagsgagna og fundir með skipulagsráðgjöfum og skipulagsnefnd.
- Áframhaldandi samtal við megin kjölfestuaðila sem ákjósanlegir þykja við uppbyggingu svæðisins. Niðurstöðum viðræðna skal skilað til bæjarráðs.

Gengið er út frá því að gerð deiliskipulagsgagna taki allt að 5-6 mánuði og að tillaga að deiliskipulagi Vetrarmýrar verði tilbúin til afgreiðslu bæjarstjórnar til auglýsingar eigi síðar en í janúar 2020.

Tengiliður bæjarins við Spildu í verkefninu er skipulagsfulltrúi Garðabæjar.

Kostnaður vegna ráðgjafarstarfa Spildu er áætlaður 2,5 m.kr. auk virðisaukaskatts.

Greinargerð:

Á vormánuðum 2019 unnu Spilda og Garðabær saman að þarfa- og kostgæfnigreiningu fyrir verslunar- og þjónustusvæði í Vetrarmýri í Garðabæ. Til hliðsjónar greiningarvinnunni lá niðurstaða samkeppni um skipulag í Vetrarmýri frá 2018, deiliskipulag fyrir fjölnota íþróttahús og drög að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Hnoðrahólts sem eru í vinnslu hjá skipulagsnefnd bæjarins. Skoðaðir voru ýmsir valkostir fyrir Garðabæ varðandi framtíð Vetrarmýrar og mat lagt á þá. Markaðsaðstæður voru kannaðar og m.a. rætt við kjölfestuaðila, fyrirtæki og stofnanir sem gætu hentað inn á svæðið út frá fyrirfram skilgreindum samfélagslegum forsendum.

Í greinargerð þarfa- og kostgæfnigreiningar sem kynnt var á fundi bæjarráðs 18. júní 2019 hefur stefna Garðabæjar við deiliskipulagningu Vetrarmýrar verið rýnd og áherslur bæjarins við uppbyggingu svæðisins skilgreindar nánar. Stefnt skal að því að uppbygging atvinnuhúsnæðis í Vetrarmýri falli vel að áherslum aðalskipulags Garðabæjar varðandi uppbyggingu atvinnusvæða í bænum, nýtist samfélaginu í heild, auki gæði samfélagsins í Garðabæ og styðji við íbúðarbyggð í Vetrarmýri, Hnoðraholti og öðrum nærliggjandi svæðum. Áhersla skal lögð á græn svæði, gott samspil milli íbúðarbyggðar og atvinnuhúsnæðis og örugg tengsl gangandi, hjólandi og akandi umferðar. Gatnakerfi verði hnitmiðað og skilvirkt. Hugað verði að hagkvæmri samnýtingu bílastæða með fjölnota íþróttahúsinu.

Tímalína: